



 KGSÍ

# BAUTASTEINN

Útgefandi: Kirkjugarðasamband Íslands  
1. tölublað 20. árgangur maí 2015

## ORAX Sigtæki

með rafmagnshleðslu



Efni:  
hleðslukassi úr áli  
rör úr ryðfríu stáli.

Lengd: 225  
Færanleg breidd: frá 69 - 94 cm  
Þyngd: 38 kg

## BIKAB flokkunar- gámar



- Flokkun úrgangs
- Gámurinn er heitgalvanísieraður m/glansáferð
- Tvær einingar f/úrgang úr svörtu polyethilyni
- Lokur úr áli
- Klæðning: dökkgræn

## Grafarklæði / graframmi



Þekur hliðar grafarinnar til botns og þekur gröfina allan hringinn. Samanstendur af tveimur löngum plönkum og tveimur t-formuðum endastykkjum.

## K-60 Dreifari f / salt & sand



- Rúmmál: 60 lítrar
- Dreifubreidd: 0,6 m
- Þyngd 31 kg
- Fyrir jarðveg, sand og salt.

Lágur þyngdarpunktur og meðfærilegur.  
Er einnig nothæft sem venjulegar hjólbörur.

## RölTec vatnspóstar



## Mobilplant sjálfvökvunar kassar



MobilPlant  
til í meðfylgjandi stærðum:  
65 x 30 cm ferhyrndur  
60 x 40 cm ferhyrndur  
40 x 30 cm ferhyrndur  
50 x 30 cm rúnnaður

# Bentzen As

Solgård Skog 4, 1599 Moss, Norge.

Telefon: +47 69 24 49 40 Telefaks: +47 69 24 49 44

[www.bentzenas.no](http://www.bentzenas.no)

# Aðfaraorð



Þórsteinn Ragnarsson  
formaður Kirkjugarðasambands Íslands.

„Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ) var stofnað í desember 1995 eftir nokkra undirbúningsvinnu, sem meðal annars fólst í því að kanna þörf á slíku sambandi hér á landi. Stjórn KGSÍ telur að blaðautgáfa á vegum sambandsins sé rökrétt framhald þessa samstarfs. Bautasteinn verður vettvangur umræðu um kirkjugarðamálefni hér á landi, en áætlað er að gefa blaðið út tvisvar á ári, á vordögum og fyrir veturnætur. Stefnt verður að því, að efni í blaðið berist sem víðast að og það upplýsi lesendur um flest er lýtur að kirkjugarðamálefnum. Blaðið verður að mestu fjármagnað með auglýsingatekjum.“

Þetta voru aðfaraorð fyrsta tölublaðs, fyrsta árgangs, Bautasteins árið 1996. Nú gefur Kirkjugarðasambandið út tuttugasta tölublaðið á tuttugasta afmælisári KGSÍ. Öll þessi ár hefur efni blaðsins aðallega verið tengt kirkjugörðum landsins og flutt fréttir af þeim verkefnum sem þar eru unnið að og þeim sem þar vinna og stjórna.

Kirkjugarðamálin eru ekki fyrirferðamikill málaflokkur þó að hann snerti vissulega alla í þjóðfélaginu. Kirkjugarðasambandið var stofnað til að gera almenningi og stjórnvöldum betri grein fyrir þeim fjölmörgu samfélagslegu verkefnum sem unnin eru á þessum vettvangi. Markmið með stofnun KGSÍ var þrjúþætt:

1. Að efla samstarf starfsmanna og stjórna kirkjugarða.
2. Að gæta hagsmuna kirkjugarða á sviði fjármála gagnvart stjórnvöldum.
3. Að gangast fyrir upplýsingastarfsemi í þágu kirkjugarða, í því skyni að miðla hagnýtum upplýsingum á milli þeirra og ná fram hagkvæmni í rekstri og betri þjónustu.

Bautasteinn er og hefur verið ómetanlegt verkfæri til að vinna að þessum markmiðum og án blaðsins hefði KGSÍ ekki haft þá kjölfestu sem nauðsynleg er slíku landssambandi. Bautasteinn er því einnig hornsteinn Kirkjugarðasambands Íslands og má því segja að heillaskref hafi verið stigið með útgáfu blaðsins fyrir tæplega 20 árum síðan.

Þórsteinn Ragnarsson,  
formaður KGSÍ.

## Efni:

Arnarbælis Kirkjugarður .....	4	Snjórinn er falletgur – en kostar sitt .....	18
Alinn upp í kirkjugarði .....	6	Líkhús höfuðborgarsvæðisins og ný bálstofa .....	20
Kirkjugarðurinn í Súðavík .....	8	Fréttir af aðalfundum 2014 og 2015 .....	24
Fögur kona – fögur bein .....	10	Starfsemi KGSÍ í 20 ár .....	26
Nýr kistukirkjugarður á höfuðborgarsvæðinu .....	14	Kirkjugarðar í Frakklandi .....	30
Menningarsöguleg verðmæti sem ber að vernda .....	15	Nýtt sáluhlið í Gufuneskirkjugarði .....	35
Nýjar áherslur .....	17		

## BAUTASTEINN

### Útgefandi:

Kirkjugarðasamband Íslands

### Ábyrgðarmaður:

Þórsteinn Ragnarsson

### Afgreiðsla:

Skrifstofa KGRP, Fossvogi

Sími: 585 2700, Fax: 585 2701

www.kirkjugardar.is

### Ritstjórn:

Smári Sigurðsson

Guðmundur Rafn Sigurðsson

Sigurjón Jónasson

### Umsjón, greinaskrif og ljósmyndun:

Hulda G. Geirsdóttir

### Umbrot og prentun:

Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja



ISSN 1670-2395

Forsíðumynd:

Úr Snóksdalskirkjugarði

Ljóm.: Guðmundur Rafn Sigurðsson.

# Arnarbælliskirkjugarður

*Allt annar garður eftir viðhald og endurbætur í sjálfbodavinnu*



*Útsýnið er fallett í Arnarbæli. Hér er séð yfir garðinn.*

*Ljósmyndir: GRS og PS.*

Viða um land eru kirkjugarðar í niðurníðslu. Sumstaðar er um aflagða garða að ræða, en annars staðar garða sem enn eru í notkun. Oftast má um kenna skorti á fjármagni, en stundum vantar bara að einhver hreinlega taki af skarið og gangi í verkið.

Páll Steinþórsson hætti að vinna í byrjun árs 2013 og ákvað þá að betra væri að nýta óskert starfsþrek til góðra verka, frekar en að setjast í sófann heima.

„Ég er fæddur á næsta bæ við Arnarbæli í Ölfusi, Ósgerði, og systir mín á nú sumarbústað þar. Við hjónin höfum gjarnan fengið okkur göngutúr út á engjar þegar við höfum heimsótt hana í bústaðinn og í eitt skiptið árið 2012 eftir slíkan göngutúr fórum við að tala um að það væri skelfilegt að sjá þennan kirkjugarð, ekkert hirt um hann og allt í niðurníðslu. Ég segi svo við þær mágkonurnar, meira í gríni en alvöru samt, að maður ætti kannski að taka að sér að hirða garðinn og slá hann nokkrum sinnum á sumrin. Konan mín greip það á lofti og sagði að þetta lægi beint við næsta sumar því þá yrði ég hættur að vinna,“ segir Páll. „Ég hlustaði svo sem ekkert á þetta, en fór svo seinna að hugsa að kannski væri þetta ekkert svo vitlaust og setti mig í samband við kunningja minn sem var prestur á Selfossi og

nefndi þetta við hann. Hann uppveðraðist allur og sagði mér strax að hafa samband við Guðmund Rafn Sigurðsson á Biskupsstofu, hann gæti áreiðanlega aðstoðað mig í þessu máli.“

Guðmundur Rafn tók vel í erindi Páls og úr varð töluvert stærra verkefni en bara það að slá grasið annað slagið. Gamla girðingin var öll fjarlægð og grafið fyrir nýjum staurum. Efnið í nýju girðinguna lét Páll saga niður fyrir sig og bar svo á allt efnið heima í bílskúr í Reykjavík. Í framhaldinu var nýja girðingin sett upp og sáluhlíðið endurnýjað. „Ég er afskaplega ánægður með hliðið,“ segir Páll, „en ég hannaði það sjálfur og fékk svo blikksmið til að smíða það eftir mínum hugmyndum.“

## **Skemmtilegt og gefandi**

Hvað fjármögnun verkefnisins varðar fékkst styrkur úr kirkjugarðasjóði til verksins, auk þess sem sóknarnefnd Kotstrandarkirkju lagði því lið. Páll vann alla sína vinnu hins vegar í sjálfbodastarfi og naut auk þess hjálpar fjölskyldunnar við ýmsa þætti verksins. En hvað fær mann til að taka slíkt að sér fyrir ekki neitt? „Mér finnst þetta bara gaman,“ segir Páll. „Þegar maður er svo heppinn að hafa góða heilsu við starfslok og getur séð eitt-



*Hér sést gamla girðingin sem var heldur óhrjálæg.*



*Páll við legstaðagrindur sem hann hefur tekið heim til viðgerða.*



*Arnarbælikirkjugarður fyrir framkvæmdir.*



*Að framkvæmdum loknum.*

hvað eftir sig þá finnst mér þetta engin spurning. Bara skemmtilegt og gefandi.“

Og Páll lætur ekki þar við sitja heldur hefur eytt drjúgum tíma í vetur við grúsk og lestur á Þjóðskjalasafninu í leit sinni að frekari fróðleik um garðinn og kirkjustaðinn í Arnarbæli fyrir á tímum. „Það er ekki mikið til af upplýsingum um kirkjugarðinn og kirkjuna en ég hef fundið sitt lítið af hverju, t.d. segir af því að í jarðskjálftunum miklu 1896 hrundu öll hús í Arnarbæli, utan kirkjunnar.“ Garðurinn er ekki í notkun lengur, en óljóst er hvernær hætt var að grafa þar. „Ég hef fundið heimildir um að hann hafi enn verið í notkun í kringum 1920, sem er mun seinna en mér hafði verið sagt.“ Garðurinn hefur þó ekki verið aflagður þannig að enn má jarða í honum. „Hver veit nema maður tryggi sér pláss þarna sjálfur,“ segir Páll glettinn.

#### **Hvetur aðra til dáða**

Páll hvetur fólk á sínum aldri sem er við góða heilsu til að huga að slíkum verkefnum í sínu nærumhverfi. „Það eru mikil viðbrigði að hætta allt í einu að vinna og þá er gaman að finna sér svona verkefni sem er bæði hægt að vinna við og grúska í. Viða munu kirkjugarðar vera orðnir að túnnum eða beitolandi, einfaldlega vegna þess að það hefur ekki verið hirt um þá, að afmarka þá og merkja og halda þeim við, svo sem upphlöðnum leiðum sem of við er búið að slétta. Víst hefði verið gaman að byrja að spá í þessu fyrir löngu síðan þegar maður var ungur, en þetta er alla vega skemmtilegt verkefni í dag og svo framarlega sem toppstykkið er í lagi og skrokkurinn þokkalegur mun ég halda þessu áfram,“ segir Páll að lokum og bendir fólki sem hefur áhuga á að gera eitthvað svipað að snúa sér til Guðmundar Rafns eða sóknarnefnda þar sem við á og bjóða fram aðstoð sína.



*Þegar framkvæmdum var lokið var messað í garðinum.*



*Sumir komu ríðandi til messu.*



*Páll endurhannaði sáluhlíðið og lét smíða.*



*Hér er Páll í skúrnum heima þar sem mikið af vinnunni fór fram.*

# Alinn upp í kirkjugarði

Sjálfsagt eru ekki margir sem geta sagt að þeir hafi alist upp í kirkjugarði, en það getur Halldór Kristinn Pedersen. Hann flutti ungur að aldri í húsið Kirkjuhvol II sem stendur í Fossvogskirkjugarði, en faðir hans var garðyrkjustjóri á staðnum. „Mín fyrsta minning er einmitt úr kirkjugarðinum þar sem við fjölskyldan heimsóttum leiði bróður míns. Þar bjuggum við svo í 36 ár.“ Aðspurður hvernig það sé að alast upp í kirkjugarði segir Halldór það hafa verið fínt. „Þarna var sáralítill byggð á þessum tíma, strætisvagninn kom á klukkutíma fresti og við vorum bílalaus, þannig að þarna var rólegt og gott að vera,“ segir Halldór.

Hann hefur séð mikla breytingar á garðinum á liðnum áratugum. „Garðurinn hefur auðvitað stækkað mikið og ekki sist hafa öll vinnubrögð breyst. Ég man þá tíð er menn voru að taka ofan af gröfunum með meitli og sleggju, síðar kom bensínúinn bor, þá loftpressa, vökvaflægur og „ribber.“



*Halldór Kristinn Pedersen við Kirkjuhvol í Fossvogskirkjugarði, húsið sem hann ólst upp í.*

## Gvendur grafari eftirminnilegur

Halldór kynntist mörgum eftirminnilegum einstaklingum við störf í kirkjugarðinum. Guðmundur Guðmundsson, eða Gvendur grafari eins og hann var gjarna kallaður, var einn þeirra. „Hann starfaði alla sína tíð í kirkjugörðunum við grafartöku, upphaflega í aukavinnu, enda var grafartekt fátíðari á þeim tíma og ekki þörf á manni í fullu starfi við það. En frá 1939 held ég að hann hafi starfað eingöngu við grafartöku og þá í fullu starfi. Þar starfaði hans til hinsta dags, en hann lést 1985.“

Allar grafir voru handmokaðar þar til kirkjugarðarnir fengu sína fyrstu gröfu árið 1966. „Þrátt fyrir að grafan væri komin hélt Gvendur áfram að taka margar grafir með handmokstri, t.d. allar grafir inni í steiptu reitunum og grafir í Hólavallagarði. Hann var hæglátur og ekki afskiptasamur maður. En hann var vel gefinn og viðlesinn og afskaplega gott að vinna með honum,“ segir Halldór sem fór sjálfur að vinna við grafartöku á unglingsaldri. Hann

vann þrjú sumur í garðinum, frá 13 ára aldri, tók sér svo nokkurra ára hlé og fór m.a. í landbúnaðarnám í Noregi en snéri aftur og réði sig í fullt starf árið 1969, þar sem hann hefur verið síðan. „Þetta æxlaðist bara svona og mér hefur líkað afskaplega vel. Ég held ég hafi komið að öllum hliðum starfsins nema kistusmiðinni. Þetta hefur verið gott starf.“

Halldór segir umhirðuna líka hafa breyst í árunna rás og stærsta breytingin hafi kannski verið þegar hætt var að steypa í kringum legstæði. „Umhirðan varð svo mikið léttari við þetta, hægt er að nota vélar við slátt, en áður fyrr sáu sláttumenn um að slá garðinn með orfi og ljá. Margir þeirra komu úr kennarastétt og nýttu sumrin í þessa vinnu.“ Tækjakostur garðanna hefur þróast mikið og fer nánast öll vinna fram með vélum í dag, sláttur, snjómokstur, grafartekt og annað sem þarf að gera. „Við erum vel sett með þetta í dag, en áður var þetta þrælavinna á köflum, t.d. við grafartöku á veturna. Þá kom jafnvel fyrir að brjóta þyrfti rúmlega meters klaka ofan af gröfunum. Við höfðum að vísu meiri tíma fyrir hverja gröf þá enda ekki jarðað jafnt þétt og nú er gert. En þetta var stundum alveg rosalegt puð.“

## Saknar mannlegu samskiptanna

Starf Kirkjugarðanna er gríðarlega umfangsmikið í dag og hefur vaxið jafnt og þétt. „Fossvogskirkja var meira notuð hér í eina tíð og flestar útfarir fóru þar fram. Það hefur svo auðvitað breyst í seinni tíð.“ Halldór segir starfið gefandi en saknar þó mannlegu samskiptanna við gesti garðsins sem voru mun meiri í þá tíð er allir komu með strætó. „Strætó stöðvaði á klukkutíma fresti rétt við innganginn þar sem við vorum með vinnuskúrinn og þangað kom fólk og fékk lánuð verkfæri, því ekki var það með hrífurnar og skóflurnar með sér í strætó. Svo kom fólk að skila verkfærunum og beið þá gjarna í skúrnum eftir næsta strætó, þáði kaffisopa og spjallaði við starfsmenn. Afí minn var vaktmaður þarna í nokkur ár, en á þessum árum var vakt í garðinum til klukkan tíu á kvöldin. Í dag er ekki minni umferð um garðana en maður verður minna var við gesti því allir koma á sínum bíl.“ Halldór segir umhirðu gesta mismunandi, en margir hugsi afskaplega vel um leiði ástvina sinna. „Stundum eru einfaldlega engir aðstandendur eftir til að hirða um leiðin á meðan aðrir sinna mjög reglubundið um leiði sinna ættingja. Umhirðan er jafn fjölbreytt og fólkið í landinu, en það er gaman að sjá vel hirt leiði og umhyggjuna sem af þeim skín.“

Þrátt fyrir að hafa eytt meirihluta ævi sinnar í kirkjugarðinum segir Halldór hann ekki sitt eina áhugamál. „Landbúnaðurinn og sveitin hafa alltaf verið mér mjög hugleikin og svo starf í minni kirkju, Grensáskirkju, þar sem ég sit í sóknarnefnd. Yngsti bróðir minn er bóndi og föðurafi minn sem var danskur starfaði bæði við skógrækt og svo búskap. Móðurfólkið mitt kemur svo úr Holtunum og sennilega er þessi búskaparáhugi minn meðfæddur. Ég sæki mikið í sveitina til bróður míns sem býr vestur á Mýrum. Og líklega fæ ég smá útrás fyrir þessa tengingu mína við náttúruna í gegnum starfið í kirkjugörðunum,“ segir Halldór að lokum.

# Mikið úrval af fallegum legsteinum og fylgihlutum



Hjá okkur færðu óskasteinin

## Opnunartími

Mán - fim 09:00 - 18:00  
Föstudagur 09:00 - 17:00  
Laugardagur 10:00 - 14:00  
Sunnudagur Lokað



**S:HELGASON**  
- Steinsmiðja síðan 1953

# Kirkjugarðurinn í Súðavík

## Grjóthleðsla í stað timburs

### Falleg grjóthleðsla í stað timburs

Í Súðavík stóð engin kirkja fyrr á tímum, en núverandi kirkja var vígð á páskum 1963. Fram að þeim tíma höfðu Súðvíkingar tilheyrst Eyrarsókn í Seyðisfirði. Kirkjugarðurinn er hins vegar mun eldri og var hann vígður 1944. Þegar Súðvíkingar sóttu um til biskups að byggð yrði kirkja kom upp sú hugmynd að flytja Hesteyrarkirkju frá Hesteyri í Sléttuhreppi til Súðavíkur. Leyfið var veitt, en ekki voru allir sáttir við flutninginn þrátt fyrir að engin byggð hefði verið á Hesteyri frá 1952. Sumir gengu jafnvel svo langt að tala um að kirkjunni hefði verið stolið.

Hesteyrarkirkja, sem hafði verið vígð í september 1899 reyndist þurfa töluvert meiri endurnýjun en talið var þegar að framkvæmdum kom, auk þess sem hún var stækkuð með því að byggja við hana kirkjuturn. Árið 1992 var svo reist viðbygging aftan við kirkjuna þar sem er skráðhús, altari og gangur niður í kjallara undir viðbyggingunni, en þar er að finna salerni og geymslur.



Unnið við hleðsluna.

Ljósmyndir: GRS og BI.

### Girðingin lúin

Lengst af hefur kirkjugarðurinn verið umlukinn timburgirðingum og hafði verið skipt um hana árið 1985. Sú girðing var hins vegar orðin lúin og árið 2013 var ákveðið að endurnýja umgjörð garðsins. Barði Ingibergsson sóknarnefndarformaður segir að fljótlega hafi verið farið að horfa til grjóthleðslu: „Við leituðum til Guðmundar Rafns Sigurðssonar og ráðfærðum okkur við hann. Hann var mjög hjálplegur og vann góða tillögu fyrir okkur sem okkur leist vel á.“

### Ekkert torf ofan á

Farið var af stað að vori 2013 og þá kom sveitarfélagið einnig að verkinu. Fyrst var hleðslugrjóti safnað af svæðinu, síðan farið í jarðvinnu og að lokum hleðsluna sjálfa. Um verkið sáu skráðgarðyrkjumeistararnir Ásgeir Guðmundur Hilmarsson og Eva Björk Kristjánsdóttir í samvinnu við heimamenn. Hleðslan er u.þ.b. 80 cm há og umlykur garðinn að ofanverðu og nær einnig utan um minnisvarða um látna sjómenn, sem stendur utan við kirkjugarðinn. Þá er gert ráð fyrir lágu limgerði til hliðanna og að neðanverðu. Barði segir fólk ánæggt með breytinguna enda setji grjótgardurinn mikinn svip á garðinn og umgjörð kirkjunnar: „Einhverjir hafa spurt hvenær torfið verður sett ofan á, en það stendur ekki til enda getur torf farið illa á sólríkum sumrum. Þess í stað er grjóthellum raðað ofan á vegginn. Ég er mjög ánægður með hvernig til tókst og öll vinna við verkið til fyrirmyndar.“

### Minnisvarði um látna sjómenn

Fallegur minnisvarði um látna sjómenn stendur til hliðar við kirkjuna. Ægir hefur krafist margra fóna af Súðvíkingum og á árunum 1967 til 1969 fórust þrír bátar frá Súðavík og ári síðar hvarf einn enn. Sigríður Sigurgeirsdóttir frá Súðavík missti mann sinn Birgi Benjamínsson og son Jón Lúðvík þegar vélbáturinn Freyja fórst 1967. Þeir fundust aldrei og Sigríður ræddi oft áhuga sinn á því að reistur yrði minnisvarði um látna sjómenn í Súðavík. Sigríður lést í janúar 2007 og þá ákváðu aðstendur




Hleðslan langt komin.



Minnismerki um látna sjómenn nýtur sín vel í fallegri umgjörð.





*Skipulag Guðmundar Rafns af nýrri umgjörð um garðinn.*

hennar að stofna sjóð sem hafði það að markmiði að reisa slíkan minnisvarða. Sjóðurinn stóð síðar að uppsetningu á minnisvarða og var listaverkið valið úr innsendum tillögum. Verkið er eftir Guðmund Lúðvík Grétarsson sem á ættir sínar að rekja til Súðavíkur og hefur hann lýst verkinu sem „höndum sem reyna að bera vatn og er ætlað að sýna hversu náin tenging er á milli sjómansins og náttúruaflanna. Þegar sjómenn sigla út á hafið leggja þeir líf sitt í „hendurnar“ á náttúruöflunum og eru því á valdi hafsins.“

Hin nýja umgjörð kirkjugarðsins setur svo sannarlega mikinn svip á garðinn og kirkjuna og er vel heppnuð. Barði segir viðbrögð fólks góð og almennt mikil ánægja með verkið. Kostnaðar-áætlun hljóðaði upp á tíu milljónir sem skiptust á milli kirkjugarðasjóðs, sóknarinnar og sveitarfélagsins.



*Súðavíkurkirkjugarður, fyrir framkvæmdir.*



*Súðavíkurkirkjugarður, eftir framkvæmdir.*

# Fögur kona – fögur bein



Sólveig Ólafsdóttir.

Árið 1988 kom út bók um kirkjugarðinn við Suðurgötu eftir Björn Th. Björnsson listfræðing og bar nafnið *Minningarmörk í Hólavallagarði*. Bókin hefur að geyma stórskemmtilega sagnaþætti úr sögu Hólavallagarðs og frásagnir af ýmsu merkisfólki sem hvílir í garðinum, einkum frá 19. öld. Einnig gerir Björn í bókinni grein fyrir þróun og einkennum minningarmarka garðsins, meðal annars í samanburði við evrópska listasögu og greinir hin ýmsu ták, sem finna má á legsteinum í garðinum. Bókin varð fljótt geysivinsæl enda skemmtileg aflestrar og stílvopn Björns var honum fast í hendi. Bókin seldist upp og hefur lengi verið ófáanleg en það er ljóst að efnistöð Björns og umfjöllunaratriði eru grunnur sem aðrir hafa síðan byggt eigin umfjöllun um garðinn á. Áhugi og hrifning Björns á ákveðnum þáttum í Hólavallagarði leynir sér ekki en bókin og hástemmdar og tilfinningaþrungnar lýsingar hans vekja í dag oft fleiri spurningar en þær svara.

Bókin *Minningarmörk í Hólavallagarði* kom út hjá bókaforlaginu Máli og menningu og í eftirmála greinir Björn frá tilurð bókarinnar. Þar segir hann m.a.

Og meður því nú, að hann [þ.e. Björn sjálfur] taldi jafn ólíklegt að nokkrir, nema þá frábærir sérvitringar, myndu vilja skoða og hvað þá lesa slíka bók, og að nokkurt forlag speðaði (svo) fjármunum í slíka glatkistu, leitaði hann til stjórnar Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis og bað hana – með 150 ára afmæli garðsins að yfirvarpi – að leggja fé í ljósmyndun helztu legmarka í garðinum. Brást stjórn kirkjugarðanna við af áhuga og stórhug. Við það varð betlibrautin til útgefenda að mun auðgengnari. Og betur en það: Eftir því sem á leið verkið og það fór að taka á sig nokkurt snið, breyttist efaþjörn góðvild þar á bæ einnig í sama metnað. (Björn Th. Björnsson, 1988, 255).

Björn varð með útgáfu bókarinnar sérfræðingur landsins í garðinum og það er eftir hans fyrirsögn að forsvarsmenn kirkjugarðanna tóku upp nafnið Hólavallagarður, sem hann segir að hafi upphaflega verið nafn garðsins og vísar þar til ummæla Steingrims Jónssonar biskups og Helga G. Thordersen dómkirkjuprests við vígslu garðsins. Ekki er hægt annað en að telja þessa „leiðréttingu“ Björns vera helst til hæpna, þar sem þeir prestur og biskup vísuðu einungis til staðsetningar garðsins „við Hólavelli“ eða á „Hólavelli“. Garðurinn var frá upphafi nefndur kirkjugarður og ef best lét með orðunum *Nýi* eða *Gamli* eftir því sem árunum fjölgaði. og svo kenndur við þær götur sem liggja umhverfis hann, Suðurgötu, Ljósvallagötu ofrv.

Sú umfjöllun sem birtist nafnlaus um Hólavallagarð á heimasíðu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma er unnin eftir bók Björns og vitnar beint í texta hennar. Þar er fullyrt án athugasemda að Hólavallagarður sé upprunalegt nafn garðsins. Á þenn-

an hátt hefur nafnið fengið á sig ákveðinn en á sama tíma helst til vafasaman upprunastimpil en orð Björns Th. Björnssonar máttu síns mikils þegar kom að málum Hólavallagarðs.

Björn kom að ýmsum málum varðandi Hólavallagarð á meðan honum entist heilsa, bæði að eigin frumkvæði og starfsmanna Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Til hans var leitað um álit á viðhaldi og endurgerð minningarmarka og hann skrifaði greinar og pistla í rit þetta, Bautastein, sem er ársrit Kirkjugarðasambands Íslands.

Það er athyglisvert að sjá hvað frumkvæði, sjónahorn og gildismat eins einstaklings getur haft mikil áhrif á ákveðið viðfangsefni eins og í tilfelli Björns Th. Björnssonar og Hólavallagarðs. Umfjöllun Björns um Hólavallagarð er barn síns tíma og þarfnast endurskoðunar sem slík en enn þann dag í dag er hún grundvöllur og leiðarhnoð allra þeirra sem skoða sögu og ásýnd Hólavallagarðs.

Hér á eftir verður gerð tilraun til að endurskoða og uppfæra einn sagnaþátta Björns úr bókinni *Minningarmörk í Hólavallagarði* en það er frásögnin „Sakakona fær kirkjuleg“, stutt frásögn sem má jafnvel líta á sem einskonar hliðarsögu í bókinni. Þar fjallar Björn í stuttu máli um tilurð þess að bein Steinunnar Sveinsdóttur frá Sjóunda í Barðastrandasýslu, dæmdrar sakakonu á öndverðri 19. öld, voru grafin í garðinum meira en öld eftir lát hennar.

Sagan af afdrifum sakakonunnar og hvernig bein hennar enduðu í Hólavallagarði er blanda af sögulegum staðreyndum, þjóðsögum og jafnvel helgimyndasmíð. Steinunn lést í Hegningarhúsinu við Arnarhól árið 1805 og var heygð utangarðs í Skólavörðuholtinu enda dæmdur morðingi og átti því ekki rétt á legstað í vígðri mold. Löngu síðar komu bein hennar upp við framkvæmdir á holtinu og fyrir tilverkað Matthíasar Þórðarsonar fornminjavarðar var þeim safnað saman, sett í kassa og síðar grafin milli tveggja leiða í Hólavallagarði. Enn síðar, þegar skáldsaga Gunnars Gunnarssonar, Svartfugl, þar sem Steinunn er ein af söguhetjunum, var færð í leikhúsbúning í Iðnu af Leikfélagi Reykjavíkur árið 1986 var settur kross á „leiði“ og síðan hefur einhver óþekktur eða óþekktir einstaklingar sinnt því með miklum sóma, sérstaklega framan af. Skýringanna á þessum sérstaka gaumi gæti verið að leita í því að í meðförum Gunnars varð Steinunn fórnarlamb forboðinnar ástar og um leið einhvers konar erkitýpa slíkra fórnarlamba og staðurinn í garðinum mögulegur áfangastaður þeirra sem samsama sig á einhvern hátt örlögum Steinunnar.

Björn Th. Björnsson dregur einkum upp tvær myndir í umfjöllun sinni um Steinunni sakakonu, annars vegar af samkomu í Safnahúsinu í janúar árið 1915 þegar lækna og aðrir embættismenn skoðuðu bein Steinunnar m.a. að viðstöddum Árna Óla blaðamanni Morgunblaðsins sem Björn vitnar til og hins vegar veltir hann vöngum um hvort sá staður í Hólavallagarði sem nú er merktur sem „leiði“ Steinunnar sé nákvæmlega sá staður þar sem beinin voru jarðsett.

Ef grannt er skoðað er þó fleira að hafa um þetta efni en frásögn Björns Th. Björnssonar. Lesa má úr samtímaheimildum hversu mikil áhrif uppgröfturinn á beinum Steinunnar úr Skólavörðuholtinum hafði á fólk í Reykjavík í upphafi árs 1915 eða fyrir réttum



*Leiði Steinunnar í Hólavallagarði áður en minningasteinn með koparskildi var settur á leiðið.  
Ljósmynd: Þórsteinn Ragnarsson.*

eitt hundrað árum. En til þess að setja beinafundinn í Skólavörðuholtinu í enn víðara samhengi er rétt er að teygja sig aðeins lengra – aftur á 19. öld.

Í blaðinu Fjallkonunni sem gefið var út áratuginu í kringum aldamótin 1900 birtist firnamikil umfjöllun um sakamálið á Sjöunda í nokkrum tölublaðum fyrri hluta ársins 1888. Tilskrif þetta nefndist „Íslenzkr sögubálkr – Bjarni og Steinunn (Sakamálasaga úr Barðastrandarsýslu, rituð að miklu leyti eftir málsskjölunum, sem nú eru í stiftsskjalasafninu)“ og var eftir Ásmund Sveinsson bæjarfógetaskrifara í Reykjavík en hann átti sjálfur eftir að enda ævi sína í Reykjavíkurlæk árið 1896.

Ásmundur rekur í mjög ítarlegu máli tildrög þess að Steinunn ásamt Bjarna Bjarnasyni ástmanni sínum voru dæmd til aftöku af landsyfirrétti fyrir að hafa myrt maka sína, þau Jón Þorgrímsson og Guðrúnu Egilsdóttur er þau bjuggu í tvíbýli á bænum Sjöunda í Barðastrandarsýslu í upphafi 19. aldar. Söguna prýðir allt sem góðri sakamálasögu sæmir og Ásmundur dregur upp sína eigin myndrænu lýsingar á framvindu sögunnar og ekki hvað síst af helstu sögupersónunum. Um Jón Þorgrímsson segir Ásmundur að hann hafi verið „meðalmaður á vöxt, fremur lítil fyrir manni, góðmenni, ráðvandur og hversdagsgæfur. Smíður góður einkum á járn og silfur.“ Steinunn Sveinsdóttir, eiginkona Jóns, er sögð hafa verið „fríð sýnum, kvenskörungur mikill, búsyslukona mesta, skapstór, ennfremur var hún kölluð léttlát enda hafði hún gifst ung.“ Einnig segir Ásmundur að Steinunn hafi verið „greind vel og svo vel að sér í kvenlegum hannyrðum að furðu þótti gegna um ómen[n]taða, fátæka bóndadóttur á þeim tímum, Hún var meðalkona á hæð, grönn, hvítleit, skipti vel litum með ljósgult hár sem náði í beltisstað.“ Í meðförum Ásmundar verður Bjarni Bjarnason, „freaklega meðalmaður á hæð og þrekinn enda var hann allmikið karlmenni, stórskorinn í andliti og fremur svipmikill en Guðrúnu eiginkonu Bjarna er lýst sem heilsulinri „enda veikleg og ístöðulít.“

Það fer ekki framhjá neinum að höfundarsamúð Ásmundar liggur hjá Bjarna og Steinunni og allt er gert til að draga fram mann-kosti þeirra á kostnað fórnarlambanna. Misheppnuðum flóttu Bjarna úr Hegningarhúsinu er lýst sem hetjudáð og einnig er því

lýst hvað Bjarni hafi karlmannlega orðið við lífláti sínu í Noregi. Andlátí Steinunnar og dysjun í Skólavörðuholti er einnig lýst með tilheyrandi samúð og að lokum tilgreinir Ásmundur um afdrif Jóns, sonar Bjarna og Steinunnar sem hún fæddi í varðhaldi á Barðaströnd og segir hann hafa líkst Bjarna föður sínum í vexti en Steinunni móður sinni í andlitsfalli „enda var hann frem[ur] laglegur maður í sjón.“

Sögubálkurinn í Fjallkonunni var fyrsta heildstæða frásögnin af sakamálinu á Sjöunda og átti eftir að birtast í hinum og þessum blöðum og tímaritum og í ýmsum útgáfum næstu áratugi á eftir og mikið var til hennar vitnað þegar grafið var í Steinkudys á Skólavörðuholti í janúar árið 1915. Andi Steinunnar svifur yfir vötnunum í Morgunblaðinu 10. janúar það ár þegar ungur blaðamaður, Árni Óla að nafni, lýsir uppgreftrinum og gerir stutta samantekt um málið. Þar kemur fram sama lýsing á Steinunni og hjá Ásmundi og heldur bætt í og er hún sögð hafa verið „allra kvenna fríðust ljóshærð og björt yfirlitum“. Einnig tíundar blaðamaður að Steinunn hafi verið uppeldisdóttir Jóns prófests Ormssonar í Sauðlauksdal og gerir því skóna að hún hafi „líklega fengið betra uppeldi en fólk alme[n]nt.“

Á sama tíma boðar dagblaðið Visir að það muni flytja ítarlegar útlistanir á uppgreftrinum og Sjöundarmálinu og daganna 10.–13. janúar endurbirtir Visir sögubálk Ásmundar töluvert stytta. Hinn 15. janúar segir Visir frá beinunum sem þá voru komin inn í Safnahús. Þar kemur fram að bein Steinunnar voru orðin mjög rotin en þó var hægt að sjá að Steinunn hafi „tæplega verið meðalkvenmaður að vexti og kemur það heim við sögu Sjöundarmála. **Einnig má sjá af lögum höfuðkúpunnar að hún hafi verið fríð kona yfirlitum** (leturbreyting höfundar) – tannsmá hefir hún verið með afbrigðum.“ Síðar í sömu grein kemur fram að ekkert hafi fundist af hári Steinunnar en þó hafi hún átt að vera „hárrúð kona“ og talið er líklegast að hárið hafi verið „klift af henni, þá hún var orðin fangi, eður af líki hennar er krufið var.“

Visir fékk Steinunni og örlög hennar nánast á heilann það sem eftir lifði janúarmándað árið 1915. Á forsiðu blaðsins mánudaginn 18. janúar er greint frá jarðaför Steinunnar og spurt í fyrrisögn hvers vegna sé ekki flutt ræða yfir moldum hennar í kirkjugarðinum og síðan kemur afar dramatísk lýsing á Steinunni. „Hún Steinunn var gædd öllum þeim kostum sem konu má prýða frá náttúrunnar hendi. Hún var fluggáfuð, viðkvæm, glaðlynd. Allra kvenna var hún fríðust og tígurlegust. Andlitið var svipmikið og einbeitt og gullhárið hennar tók henni í beltisstað. Jóni, manni hennar er lýst sem líkamlegu og andlegu vesalmenni sem „vantar allt atgjörvi sem karlmann má prýða.“ Aftur á móti er Bjarna lýst sem íturmanni, sagður „hár og þrekinn, hraustlegur og djarfmannlegur fullhugi. Hér eru ennþá meiri andstæður dregnar upp af hinum stórmyndarlegu morðingjum annars vegar og fórnarlömbum þeirra hins vegar. Steinunn fær jafnframt þá umsögn að hún hafi haft „ekki hversdags konuprek“ og að hún hafi „sprungið af harmi“ í fangelsinu þrátt fyrir að fegurð hennar og atgervi hafi hrifið dómara og æðstu yfirboðara landsins. „Henni var enginn fríðaður grafreitur ætlaður. Hún var urðuð sem hræ í grjóthæð, og þar köstuðu menn í hana steinum liðna sem lifandi.“ Í lok þessarar mjög svo tilfinningaþrungnu greinar hvetur greinarhöfundur til þess að einhver taki að sér að flytja ræðu yfir moldum Steinunnar og segir: „Ég get ekki hugsað mér betra efni. Ræðan getur verið minni kvenna, minni ásta, minni sterkustu og sárustu tilfinninga og umfram al[l]t minni útskúfaðs munaðarleysingja, sem ekki einu sinni fær fríðaðan stað í gröfinni sakir heimsku og hefnigirni manna.“

Undir grein þessa eru ritaðir upphafsstafrirnir G.S. og á bak við



### Í minningu látinna

Vefurinn gardur.is veitir á aðgengilegan hátt upplýsingar um legstaði látins fólks á Íslandi. Þar er hægt að fletta upp hvar í kirkjugarði látnir ástvinir hvíla, ásamt fæðingar- og dánardægri. Þessi þjónusta hefur fengið mjög jákvæðar undirtektir og fljótlega komu fram óskir um að aðstandendur geti fengið birtar ítarlegri upplýsingar í minningu viðkomandi einstaklinga.

### Til móts við óskir um ítarlegri minningu látins einstaklings

Aðstandendur geta nú, gegn greiðslu, fengið birt efni um látinn ástvin á gardur.is. Upplýsingarnar geta t.d. verið stutt æviágrip, helstu skyldmenni, samferðafólk og myndir.

### Hvernig er hægt að fá efnið birt?

Það er auðvelt. Hægt er að óska eftir birtingu í síma 585-2700 og meðfylgjandi ævidrög og mynd, sem eru úr minningargrein Morgunblaðsins, verða birt á legstaðaskránni gardur.is undir nafni hins látna og verða þar um alla framtíð.

[www.gardur.is](http://www.gardur.is)

### Vefurinn gardur.is

er í umsjón og eigu Kirkjugarðasambands Íslands. Hann byggir á samvirku gagnasafni og inniheldur leyfilegar upplýsingar um látna einstaklinga og legstað þeirra í kirkjugörðum á Íslandi. Einnig eru þar upplýsingar um kirkjugarða með kortum, texta, myndum og teikningum.

Helstu styrktaraðilar gardur.is eru Alþingi og Kirkjugarðasjóður

Ítarlegri upplýsingar má fá í síma 585 2700 eða á [gardur.is](http://gardur.is)

þá var sjálfur ritstjóri Vísis, Gunnar Sigurðsson frá Selalæk, síðar kunnur lögfræðingur og alþingimaður. Árið 1915 voru þeir jafnaldrarnir, Gunnar og kollegi hans Árni Óla, sem fyrr er minnst á, 27 ára og aðdáun þeirra beggja á Steinunni leynir sér svo sannarlega ekki. Aðgangur Árna var mun betri að málinu enda er honum sérstaklega boðið að vera viðstaddur þegar bein Steinunnar voru skoðuð í Safnahúsinu og einnig þegar beinin voru jarðsett í kirkjugarðinum en Gunnar kvartar sáran yfir því að hafa ekki fengið að vita hvernær nákvæmlega ætti að jarða beinin.

Næstu daga birtast ýmskonar tilskrif um Steinunni í Vísi og þar með talinn ljóð og lausavísur ýmskonar og jafnvel hvatning frá ritsjóranum um að reisa minnismerki á leiðinu sem gæti orðið „**bautasteinn**“ (leturbreyting höfundar) yfir þröngsýni, hefnigirni og heimsku manna, sem einna átakanlegast bitnar á þeim er brjóta bág við hin, óhæfu, úreltu, hegningarlög.“

Það leið ekki á löngu þangað til sett var ofan í umfjöllun Vísis um Steinunni og var það í Morgunblaðinu þar sem hreinlega var spurt hvaða „Steinkudýrkun“ væri eiginlega í gangi í samfélaginu. Bendir greinarhöfundurinn, Páll V. Guðmundsson, Gunnari ritstjóra á að Steinunn hafi þrátt fyrir allt verið dæmdur morðingi og það hafi farið vel á því að bein Steinunnar hafi verið jarðsett í kyrreþey en „best hefði verið, að þessi ljóta saga hefði ekki verið vakin upp og Steinunn fengið á hvíla í friði í þeim skilningi.“

Eins og mörg hitamál gömul og ný lognaðist umræðan um Steinunni og bein hennar út og það er ekki fyrr en með útgáfu skáldsögunnar Svartfugls eftir Gunnar Gunnarsson sem ný bylgja af mannlýsingum helstu sögupersóna í Sjöundármálinu koma fram. Skáldsagan var fyrst gefið út á dönsku í Danmörku árið 1929 og um tíu árum síðar kom hún út í íslenskri þýðingu Magnúsar Ásgeirssonar. Íslensk þýðing Gunnars sjálfs kom svo ekki út fyrr en árið 1971 en þar er eftirfarandi lýsing á Bjarna Bjarnasyni sem lögð er í orðastað Eyjólfssonar Kolbeinssonar eins og raunar öll sagan: „Aldrei á ævi minni hafði ég né hef hitt fyrir mann á borð við Bjarna, sem hann stóð þarna með gult, hrokkið alskeggið flaksandi í vorblænum og blá tindrandi augu er virtust mynduð úr einum saman kristalsbrotum: gnæfði þéttur á velli, sem oltinn á jörðu niður alskapaður úr himinbláma og skýjabroki, [...]“ Til að draga fram sígilt andstæðupar þá er Guðrúnu, eigin konu Bjarna og tilvonandi fórnarlambi, lýst þannig að grátur og hósti hafi geflað orð hennar, að hún hafi verið „gelgjuleg kona, smávaxin, sem hélt höndum að munni sér og hóstaði í belg og biðu [...] – að hún væri kona hans, varð ég að láta hana segja mér tvisvar.“, segir Eyjólfur.

Um Jón Þorgrímsson er sagt í Svartfugli að hann hafi verið „meinlaus nöldurkarl, sem auðvelt var að ganga á snið við og sýna umburðalyndi“ en sjálf Steinunn var „kona með stillt augnarád, traust og fámál; ófriðsama myndi engi maður ætla hana.“ Hér er komið annað sannkallað andstæðupar – meinlaus nöldurkarl og fámál friðsemdarkona. Hér má vitna í Björn Th. sjálfan í kaflanum um Steinunni þar sem hann segir að „skáldskapur er hverri staðreynd máttugri.“

Sama ár og Svartfugl kom út á Íslandi í þýðingu Gunnar sjálfs eða 1971 þá birtist viðamikil grein í Lesbók Morgunblaðsins eftir Árna Johnsen þáverandi blaðamann á Morgunblaðinu og síðar alþingismann, sem einmitt var þá jafnaldri sinna gömlu kollega á Vísi og Morgunblaðinu árið 1915, eða 27 ára gamall. Greinin heitir „Þegar sú stund kemur, loka þú augunum óttalaust“ og er um Steinkudys og Skólavörðuna. Greinin er myndskreytt af Eggerti Guðmundssyni listmálara, sem einnig er heimildamaður Árna um uppgröftin á beinum Steinunnar í Skólavörðuholtinu. Árni fer mikinn í þessari grein og virðist kríta mjög liðugt. Hann telur sig



*Nokkrir afkomendur Steinunnar settu minningastein með koparskildi á leiði hennar í Hólavallagarði 31. ágúst 2012. Ljósmynd: Þórsteinn Ragnarsson.*

hafa fundið réttan stað í Hólavallagarði þar sem bein Steinunnar hvíli, birtir ljómynd af gröfinni og í myndatexta segir að krossar „nærliggjandi leiða varpi skugga á hana í síðdegissólinni“. Árni dregur upp myndir af Bjarna og Steinunni og segir að Bjarni hafi verið sviphreint þrekmenni, „ljóshærður, fagureygur“ en Steinunn hafi aftur á móti verið fögur kona, „limaprúð með dökkt sitt hár sem náði niður á legg.“ Og síðar í greininni er aftur ítrekað að hár Steinunnar hafi verið mikið og brúnt sem er þvert á allar aðrar lýsingar á háralit Steinunnar í hartnær 90 ár.

Árni Johnsen dregur fram greininni nokkra sjónarvotta sem fylgdust með þegar dysin var rofin í holtinu, þar á meðal fyrrnefndan Eggert sem var á barnsaldri þegar þetta var. Það er haft eftir Eggerti að flestir sem komið hefðu að dysinni „við þetta tækifæri höfðu farið í sparifötin og sagði hann að fólk hefði verið eins og við sorglega jarðaför“. Kistan lá í suður og norður og gat Eggert þess að sér hefði ávallt síðan verið mjög eftirminnilegt hve beinin í kistunni voru hvít og síða hárið sem Steinunn hafði var heilt eftir hundrað ár. Til að ítreka þessa minningu er kallaður til annar sjónarvottur, Páll Guðmundsson járnbrautarstjóri, og einnig hann minntist þess „**hve beinin hefðu verið einstaklega hvít, eins og gljáfægð og hárið mikið og brúnt lá undir þeim**“ (leturbreyting höfundar).“ Þetta stangast algerlega á við framangreindar samtímaheimildir hvað varðar ástand beinanna og hvort hárið mikla – hvort sem það var ljóst eða dökkt – hafi fylgt Steinunni úr dysinni í gröfina.

Að lokum má nefna að fyrir nokkrum árum gekkst einn af afkomendum Steinunnar, sem munu vera vel á þriðja þúsund, fyrir því að settur var minningarsteinn með koparskildi á „leiði“ Steinunnar í Hólavallagarði. Á skildinum koma fram upplýsingar um Steinunni, fæðingar- og dánarár og hvenær beinin voru jarðsett í Hólavallagarði auk fjölda þeirra barna sem hún átti í og utan hjónabands.

Ennfremur er greytt í koparinn eftirfarandi lýsing: „Steinunn var annálúð friðleikskona og vel að sér í hannyrðum.“ Á háralit hennar er ekki minnst.

*Höfundur er sagnfræðingur og yfir sig heilluð af Hólavallagarði.*

# Nýr kistukirkjugarður á höfuðborgarsvæðinu

Gufuneskirkjugarður mun verða fullsettur um eða eftir árið 2023 og þá þarf nýr kistukirkjugarður að vera tilbúinn. Það tekur eftir atvikum 6-8 ár að breyta landi í kirkjugarð og er því mjög brýnt að hefjast handa.

Vel fyrir 1995 var landsvæði á svonefndum Stekkjarbrekkum við Vesturlandsveg úthlutað undir rúmlega 20 ha kirkjugarð og sett inn á aðalskipulag Reykjavíkur. Árið 2003 var landið við Stekkjarbrekkur tekið af KGRP og sett undir verslunarhúsnæði (Korputorg) en um leið var KGRP úthlutað rúmlega 20 ha landi við Úlfarsfell.

Snemma árs 2008 efndu KGRP til samkeppni meðal landslagsarkitekta um hönnun garðsins. Meginmarkmið hönnunarinnar var að þátttakendur mótuðu hugmynd að framtíðarkirkjugarði á uppfylltu skilgreindu landsvæði við Úlfarsfell. Lögð var áhersla á nútímalega hönnun, sem yrði hagkvæm í rekstri og hægt væri að taka garðinn í notkun í áföngum. Fimm arkitektastofur tóku þátt og varð tillaga frá Landmótun hlutskörpust. Á myndinni má sjá grunnmynd af tillögu arkitekta frá Landmótun.

Um haustið 2008 (efnahagshrun) var sýnt að ekki yrði úr uppbyggingu íbúðahverfis suðvestur af Úlfarsfelli og því ekki að vænta að jarðvegur í kirkjugarðastæði við Úlfarsfell lægi á lausu. Leitað var að landi sem tryggði að hægt væri að hraða framvindu mála um gerð nýs kirkjugarðs. Síðla árs 2012 var var skipulagsráði skrifað bréf og þar var sótt um land í Geldinganesi, ef vera mætti að þar yrði fyrir hægt að koma upp kirkjugarði. Á þeim tíma stóð til að skipuleggja það land og taka í notkun á allra næstu árum. Jákvætt svar barst með aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2013 og þar stendur: „Gert er ráð fyrir nýjum kirkjugarði í Geldinganesi á u.þ.b. 30 ha svæði á norðan verðu nesinu. Megin stefna fyrir skipulag svæðisins er að garðurinn falli vel að landi og strax verði hugað að umtalsverðri ræktun trjá og runnagröðurs innan og í jærri garðsins. Gert er ráð fyrir að kirkjugarðurinn verði tekinn í notkun árið 2016 (sem var alltof skammur tími fyrir KGRP).“



Samkvæmt nýju aðalskipulagi, sem kom út á miðju ári 2013 og umfjöllun um Geldinganes þar, mátti ljóst vera að kirkjugarður í Geldinganesi yrði ekki tekinn í notkun 2016 og einnig að öllu skipulagi þar hafði verið slegið á frest. Það sýndi svart á hvítu að Geldinganesið yrði ekki næsti staður fyrir kistukirkjugarð. Síðastliðið haust var borgaryfirvöldum sent bréf og óskað eftir því að KGRP fengju aftur það land sem áður var fyrirhugað við Úlfarsfell því gróður möguleiki væri á því að fá jarðvegsfyllingu sem þyrfti á svæðið við Úlfarsfell frá stórum framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu.

Nú í apríl 2015 er loks komin jákvæð hreyfing á málið. Í bréfi frá umhverfis- og skipulagssviði segir í niðurlagi: „Tekið er jákvætt í að endurskoða staðsetningu nýs kirkjugarðs og hefja skipulagsvinnu við að finna nýtt kirkjugarðastæði í Reykjavík. Í ljósi þess þá þarf að breyta aðalskipulagi og vegna áforma um uppfyllingu og losun jarðvegs á mögulegu kirkjugarðastæði við Úlfarsfell, er breyting á aðalskipulagi háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Við mótun aðalskipulagstillögunnar og í umhverfismati, verður lögð áhersla á að bera saman kosti þessa að byggja upp kirkjugarð í Úlfarsfelli við mögulegan kirkjugarð í Geldinganesi og hugsanlega á fleiri stöðum í landi Reykjavíkur. Í framhaldi af því þarf að vinna deiliskipulag fyrir það svæði sem þykir álitlegasti kosturinn fyrir framtíðarkirkjugarð borgarinnar.“

Þetta svar þýðir að mati undirritaðs að hægt verði að taka næsta kistugarð höfuðborgarsvæðisins í notkun á árabílinu 2023-2025 og þá líklega við Úlfarsfell.

Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri.

Grunnhugmyndin að kirkjugarði við Úlfarsfell kemur frá þróun miðaldarbæja. Miðaldarbæirnir byrjuðu á ákveðnum stað og voru vel aðgreindir af náttúrlegum hindrunum eða mannvirkjum, en eftir því sem bæirnir uxu dreifðust þeir út frá hinum gamla kjarna í allar áttir.

# Menningarsöguleg verðmæti sem ber að vernda

*Legstaðagirðingar úr smíðajárni eru menningarsöguleg verðmæti sem víða liggja undir skemmdum. Karl Þórir Jónasson hefur um árabil stundað viðgerðir á slíkum girðingum, sem og öðrum minningarmörkum úr sama efni. Hann segir vinnuna seinlega og kostnaðarsama, en afskaplega skemmtilega.*

„Sumt er illa farið og brotið en annað er minna skemmt. Stundum tekst að sjóða þetta saman, en stundum þarf hreinlega að steypa nýjar grindur. Oft er þó hægt að nota það sem er á staðnum. Við tökum girðinguna niður og förum með á verkstæði. Þar er gert við og svo sandblásið, grunnað og málað,“ segir Karl í spjalli við Bautastein.

Eins og með svo margt annað byggjast afköstin í þessum viðgerðum á peningum, en viðgerðirnar eru tímafrekar og kosta sitt. „Það hefur orðið aukning í viðhaldi á þessum girðingum, en það þyrfti samt að gera mikið átak í viðbót. Víða um land eru menningarverðmæti í niðurníðslu sem æskilegt væri að bjarga,“ segir Karl.

Vinnan við viðgerðirnar er seinleg enda efnið vandmeðfarið. „Þetta er ekki eins og að sjóða járn, efnið er allt öðru vísi og einungis hægt að sjóða lítið í einu, svo þarf að kæla það niður svo það verði ekki stökkt og brotni. Þegar ég var að byrja að gera við svona sauð ég með pinnasuðu og gat þá aðeins soðið 2-3 sentimetra í einu. Núna er ég kominn með betri tæki sem henta í þetta og vinnan orðin mun auðveldari,“ segir Karl. Aðspurður segist hann ekki vita um fleiri menn á Íslandi, en sjálfan sig og Kristján Gunnarsson vélvirkja í vélsmíðjunni á Þingeyri, sem stundi viðgerðir á slíkum minningarmörkum þó eflaust séu þeir til einhvers staðar.

Kirkjugarðasjóður hefur styrkt viðgerðir á legstaðagirðingum, auk þess sem gjarnan er leitað til aðstandenda með hlutdeild í kostnaði verksins. Einnig hefur komið styrkur frá Fornleifasjóði til ákveðins verkefnis, en fé til viðgerða er þó af skornum skammti.

## Bræddar í fallbyssur

Legstaðagirðingarnar eru ekki íslenskar að uppruna, nánast allar hafa þær verið keyptar erlendis og þá mest frá Danmörku. Hins vegar hafa flestar þeirra varðveist hér á landi sem má rekja til stríðsreksturs í öðrum löndum. „Víða erlendis voru girðingarnar brotnar niður og steypptar úr efninu fallbyssur til notkunar í stríði. Hingað kom t.d. Norðmaður sem sagði óvenjulegt að sjá svo margar heilar girðingar hér, þær væru meira og minna horfnar í Noregi,“ segir Karl. Flestar girðingarnar eru frá tímabilinu 1880-1900 og í raun merkilegt að einstaklingar á Íslandi skyldu hafa efni á því að setja upp slíkar girðingar á þeim tíma. „Þetta var mjög dýrt og þótti mikill virðingartottur. Flestar girðingarnar eru utan um legstæði embættismanna sem og iðnaðarmanna sem komist höfðu í góðar álnir.“ Girðingarnar sjálfar eru endingargóðar og oftast er það undirstaðan sem gefur sig fyrst. Því er lögð mikil áhersla á að vanda hana þegar viðgerð minningarmörk og girðingar eru sett upp aftur.

Meðal viðgerðra minningarmarkna og steyptra legstaðagirðinga sem skoða má hér á landi, má t.d. nefna nokkur slík í Hólavallagarði í Reykjavík, í Selárdal, á Reynivöllum í Kjós og á Þingvöllum.



Hér eru þeir Karl Þórir og Halldór Pedersen í Flatey að sinna viðhaldi minningarmarkna.



Úr Hólavallagarði, hér má sjá viðgerða girðingu um legstað Sveinbjörns Sveinbjörnssonar.



Steypujárngirðing fyrir og eftir viðgerð.



# VIÐ ERUM MEÐ ÞÉR TIL ÖRYGGIS



## ÖRYGGISHNAPPUR

Við viljum njóta stundanna örugg og áhyggjulaus, sama hverju við tökum upp á. Þess vegna er mikilvægt að við gætum vel hvert að öðru. Svona til öryggis.



# Nýjar áherslur

## *-útfarar og lögfræðipjónusta Útfararstofu kirkjugarðanna*

Útfararstofa kirkjugarðanna ehf. hefur vakið athygli undanfarið fyrir nýjar áherslur í starfi sínu. Kirkjugarðarnir stofnuðu útfararþjónustu fyrir 65 árum í þeim tilgangi: „að lækka kostnað við útfarir og minnka allt þrjá.“ Elin Sigrún Jónasdóttir framkvæmdastjóri Útfararstofunnar segir þessi orð enn í fullu gildi og mikilvægt sé að bjóða upp á fjölbreytta valkosti og þjónustu við útfarir. „Kostnaður við útfarir getur verið mikill og við teljum mikilvægt að bjóða mismunandi valkosti og sem besta þjónustu. Við leggjum áherslu á neytendavernd og birtum verðskrá okkar á netinu þannig að þeir sem kaupa þjónustuna séu upplýstir áður en til útfarar kemur.“

Útfararstofan hefur nýlega aukið þjónustu sína og ráðið til sín starfsfólk með menntun á sviði lögfræði og sálgæslu. Boðið er upp á samtál og skráningu um hinsta vilja og lögfræðipjónustu. „Við höfum kynnt okkur starfsemi útfararstofa á Norðurlöndunum og tökum þetta upp að þeirra fyrirmynd. Þar er lögð aukin áhersla á sálgæslu og að undirbúningur útfara sé ekki aðeins takmarkaður við skráningu upplýsinga um fyrirkomulag útfara, heldur sé líka boðið upp á samtöl við fólk varðandi undirbúning t.d. „eigin dauða og útfarar“ þ.e. hinsta vilja fólks. Þá er einnig nýjung hjá okkur að bjóða upp á lögfræðipjónustu, t.d. við gerð erfðaskráa, kaupmála og erfðafjárskýrslna,“ segir Elin „Útfararstofan er fulltrúi Íslands í Nordiskt Forum, samtökum útfararstofa á Norðurlöndum, og við höfum fylgst vel með þróun mála í nágrannalöndunum. Heimsóttum m.a. framsækna útfararstofur í



*Elin Sigrún Jónasdóttir framkvæmdastjóri Útfararstofu kirkjugarðanna.*

Gautaborg og Stokkhólmi fyrir skemmstu og segja má að þar sé áherslan lögð á að útfararþjónustan verði persónulegri, ódýrari og netvæddari.“

Elin segir Útfararstofuna einmitt stefna að því að bjóða upp á frekari rafræna þjónustu, þ.e. að fólk geti útfyllt eyðublöð á vefsíðu fyrirtækisins og pantað þar þá þjónustu sem það óskar. „Okkar þjónusta þarf að þróast í takt við tímann og sífellt fleiri kjósa að nýta netið í þeim tilgangi. Við munum eftir sem áður bjóða persónulega þjónustu og við leggjum ríka áherslu á gæði þeirrar þjónustu með fagmenntuðu og reynslumiklu starfsfólki.“

## REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



*Krossar og skilti á leiði  
Sendum um allt land  
Þöntunarsími 551 1266*



**ÚTFARARSTOFA  
KIRKJUGARÐANNA EHF**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi  
Sími 551 1266 • [www.utfor.is](http://www.utfor.is)

# Snjórinn er fallegur – en kostar sitt

*Fyrsti snjór haustsins á Naustahöfða.*



*Hugað að leiðum ástvina.*

Mikill snjór gerir umsjónarmönnum kirkjugarða erfitt fyrir. Síðastliðin ár hafa verið snjóþung, t.d. fyrir norðan og hafa kirkjugarðar Akureyrar fengið sinn skammt. Snjómokstur er kostnaðarsamur og hafa kirkjugarðar ekki fengið sérstakar fjárveitingar til að sinna honum þrátt fyrir að snjómokstur krefjist sérhæfðra tækja og mannafla. Hér má sjá nokkrar myndir sem teknar hafa verið í kirkjugörðum Akureyrar undanfarna vetur, en snjómokstur hefur hafist mjög snemma undanfarin haust.



*Ýmsum ráðum beitt við snjómokstur.*



*Mokað frá leiði.*



*Hauststemming í garðinum.*

# Líkhús höfuðborgarsvæðisins og ný bálstofa

*Hvað varð af áformum um uppbygginguna á Hallsholti? Hvert stefnir?*

## Skipulagt með góðum fyrirvara

Spakmælið „*ekki er ráð nema í tíma sé tekið*“ er í fullu gildi. Hugsunin að baki þess er grundvöllur allrar stefnumótunar og áætlunargerðar ef vanda skal til verka og sýna fyrirhyggju. Eftir ítarlega þarfagreiningu á árunum 2002 - 2003, þar sem metin var þörf fyrir nýtt líkhús, nýja bálstofu og athafnarými í ört breytilegu þjóðfélagi, efndu Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma til samkeppni um nýjar þjónustubyggingar á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð í ágústmánudi 2004. Í tilboðsgögnum var gert ráð fyrir að þar yrðu reistar þjónustubyggingar í nokkrum áföngum næstu tvo áratugi (2006-2026). Í tímaröð var áformað að reisa: Starfsmannahús og vélageymslu, líkhús, athafnarými (kapellu og bænhús) og síðast bálstofu. Áhersla var lögð á að byggingarnar féllu vel að umhverfi sínu og þar sem um áfangabyggingar yrði að ræða þyrftu þær nánast að virka sem sjálfstæðar einingar við lok hvers áfanga. Dómnefndin lagði áherslu á sex atriði við mat sitt: Heildarlausn, yfirbragð, innra og ytra fyrirkomulag, sveigjanleika með tilliti til áfangaskiptingar, efnisval og hagkvæmni í byggingu og rekstri. Það var arkitektastofan Arkibúllan ehf sem bar sigur úr hópi 18 innsendra tillagna.

## Erfið samskipti við fjármálaráðuneytið

Samhliða því að vinna að þarfagreiningu, sem m.a. var byggð á lýðfræðilegum spám um mikla fjölgun andláta næstu áratugina og undirbúa hönnunarsamkeppnina, var unnið að því að tryggja fjárhagslegan grundvöll fyrir slíkum byggingaframkvæmdum. Það var einkum tvennt sem þurfti að tryggja, annars vegar þurfti að ganga frá því með lagasetningu að kirkjugörðum væri áfram falið það verkefni að reka líkhús og hins vegar að búa svo um hnútana að rekstrargrundvöllur væri tryggður annað hvort með lagaheimild til gjaldtöku fyrir þessa samfélagsþjónustu eða með beinu framlagi frá ríkinu.

Tillaga nefndar sem skipuð var á árinu 2005 af þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra gerði tillögu um slíkar breytingar á lögnum með stuðningi þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra og embættismanna hans. Frumvarpið var lagt fram í þinginu 2006 en umsögn fjármálaráðuneytis stöðvaði frumvarpið. Þar kom fram sú fullyrðing að ríkið greiddi rekstrarkostnað þeirra líkhúsa sem væru á vegum kirkjugarða með framlagi sínu ár hvert. Þau viðbrögð voru algjörlega á skjön við samkomulag sem gert var um framlag ríkisins til kirkjugarða á milli ríkisins og kirkjugarðaráðs ári fyrr og undirritað var af fjármálaráðherra, dóms- og kirkjumálaráðherra og biskupi Íslands.

Haustið 2007, þegar sýnt þótti að frumvarpið strandaði vegna andstöðu fjármálaráðuneytis, sendu biskup Íslands og formaður Kirkjugarðasambands Íslands bréf til forsætisráðherra þar sem óskað var eftir samtali um lausn þessa ágreinings. Því bréfi var ekki svarað og litlir tilburðir voru hafðir uppi af hálfu dóms- og kirkjumálaráðuneytis (nú innanríkisráðuneyti) til að lenda málinu og því síður hjá fjármálaráðuneyti til að hægt væri að

leggja frumvarpið fyrir þingið til að fá umfjöllun um efni þess. Nokkrum sinnum eftir það var reynt að bursta rykið af frumvarpinu, síðast á vordögum 2012, og koma því fyrir þingið en ávallt strandaði á því sama, þ.e. andstöðu í fjármálaráðuneytinu. Þannig hefur bæði frumvarpið og öll áform um framtíðarskipulag þessara mála verið sett á ís. Engin rök af hálfu forráðamanna kirkjugarða duga til að færa málið til eða frá. Ráðherrar koma og fara og þeir eru misduglegir að setja sig inn í einstaka málaflokka og erindi. Þannig geta einstaka óbilgjarnir embættismenn, sem sitja áratugum saman á stóli valdamikilla embætta, komist upp með að hindra eðlilega þróun innan málaflokka, hér innan málaflokks sem þjónar öllum landsmönnum lífs og liðnum. Það var því ekki efnahagskreppan sem réði úrslitum í þessu efni, þessi andstaða hófst vel fyrir þann tíma.

## Líkhús á Íslandi 2015

Engin lög eru til á Íslandi um það hverjir megi eða eigi að reka líkhús og engar kröfur eru gerða til þeirra sem reka þau í dag. Frumvarpið sem rætt var um hér að ofan gerði ítarlegar tillögur um það síðast 2012.

Áður en lengra er haldið vill undirritaður leggja áherslu á þá miklu ábyrgð sem í því felst að sjá um rekstur líkhúss. Allir þeir sem að þessum málum koma verða að gera sér grein fyrir því að ekki er um að ræða venjulegan atvinnurekstur heldur mjög viðkvæma samfélagsþjónustu sem þarf að setja mjög ströng skilyrði og þeim skilyrðum þarf að fylgja eftir með virku eftirliti. Rekstur líkhúsa er ekki atvinnuvegur hvorki almennt né í skilningi samkeppnislaga. Að mínu mati er ekki viðeigandi að tala um atvinnufrelsi einstaklinga í tengslum við rekstur líkhúsa. Miklu fremur krefjast almannahagsmunir þess að opinberir aðilar sjái um þessa starfsgrein þegar lítið er til heilbrigðismála og málefna almannaþarfa. Starfsemi líkhúsa á ekki að lúta lögmálum markaðarins og þar á gjaldtaka aldrei að vera með þeim hætti að um arðsaman atvinnuveg sé að ræða heldur aðeins gjald til að hægt sé að hafa þann rekstur kostnaðarréttan til að uppfylla kröfur gildandi laga og reglugerða eins og raun er á með rekstur kirkjugarða. Að mínu áliti þarf að horfa til þriggja meginatriða er varða leyfi til rekstur líkhúsa:

1. Gerð, stærð og staðsetning húsnæðis.
2. Lágmarksbúnaður innan dyra.
3. Ábyrgðarmenn og starfsmenn.

Fyrirkomulag líkhúsmála á Íslandi 2015 er með þeim hætti að um 235 kistupláss eru til á öllu landinu og skiptast þau þannig: Kirkjugarðar (Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP), Kirkjugarðurinn í Hafnarfirði og Kirkjugarðar Akureyrar) eru með 120 pláss eða 51% af heild. Heilbrigðisstofnanir og sjúkrahús eru með um 82 pláss eða 35% og einkaaðilar eru með 33



*Tölvuteikning af þjónustubyggingunum. Lengst til hægri og austast er starfsmannahúsið sem tekið var í notkun 2008. Húsin með rauðu þökunum eru áætluð kapella og kirkja og undir þeim húsum er gert ráð fyrir líkhúsi og bálstofu til hliðar við útfararkirkjuna. Nokkru vestar er sjálfstæð bygging, salur fyrir erfisdrykkju, sem sett var inn á fyrstu stigum en var þó aldrei með í áætlunum KGRP.*

pláss eða 14%. Líkhúsið í Fossvogi er með 70 pláss og er það langstærsta líkhús landsins. Það þjónar höfuðborgarsvæðinu og einnig landsbyggðinni í þeim tilfellum, þegar landsbyggðarfólk deyr á sjúkrahúsunum í Reykjavík og er flutt í líkhúsið í Fossvogi og síðan út á land til greftrunar. Viða úti á landi er algjört aðstöðuleysi í þessum málum og eru lík flutt langa vegu til vistunar. Mjög brýnt er að gera áætlun um þessi mál fyrir allt landið og umfram allt að tryggja þá áætlun með lagasetningu og reglugerð.

#### **Líkhúsið í Fossvogi er barn síns tíma**

Af byggingaframkvæmdum KGRP á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð er bygging líkhúss nú langbrýnust. Sú töf, sem orðið hefur á ákvörðun stjórnvalda um fyrirkomulag þessara mála til framtíðar, er nú þegar farin að valda vandræðum. Líkhúsið í Fossvogi var tekið í notkun fyrir miðja síðustu öld er barn síns tíma. Þá var íbúatalan innan við 50 þúsund í Reykjavík og dánartalan um 500 en 1. des. 2014 var íbúatalan á þjónustusvæði KGRP um 160 þúsund og tala látinna 1.050. Þess má geta að skv. nágildandi spá Hagstofu Íslands fer fólksfjöldi á Íslandi úr 330 þús. árið 2015 í 416 þús. árið 2045 sem er 26% aukning en tala látinna fer úr 2.172 í 3.819 eða 76% aukning. KGRP verða með um 60% af tölu látinna á Íslandi árið 2025 sem er um 2.300 andlát eða 4,6 sinnum fleiri andlát en þegar líkhúsið var byggt!

Frá síðustu áramótum hefur líkhúsið í Fossvogi verið nær fullt í nokkur skipti og hefur það gert alla vinnu þar erfiða vegna þrengsla. Vinnuástaða er ekki samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru í dag um rými, aðstöðu og tæki og er orðið mjög brýnt að byggja nýtt líkhús með þeim kröfum sem gerðar eru til

viðunandi vinnuástöðu og risið hafa í höfuðborgum hinna Norðurlandanna. Þar eru líkhúsmálin á höndum hins opinbera, þ.e. heilbrigðisgeirans, kirkjugarða og bálstofa og er gott samkomulag um það fyrirkomulag milli aðila sem koma að þjónustu látinna, þ.e.a.s. útfararstjóra, heilbrigðisstarfsfólks og starfsmanna bálstofa og kirkjugarða.

#### **Er hlutverki þjónustubygginga í Fossvogi lokið eftir tæplega 70 ára farsæla þjónustu?**

##### **Hvað tekur við? Spyr sá sem ekki veit.**

Þeir, sem ráða fjármálum á Íslandi, vita að allir þeir sem fæðast munu deyja og margir þeirra þekkja lýðfræðilegar spár um aukna dánartíðni en samt hlusta þeir ekki á þær raddir sem vilja hafa fyrirvara á stækkun kirkjugarða og eða byggingu líkhúsa til að þjónusta þá sem óhjákvæmilega falla frá og aðstandendur þeirra. Ég hef verið spurður að því hvers vegna KGRP hætti ekki að reka líkhúsið í Fossvogi og hef ég svarað því upp á síðkastið, að stjórn KGRP standi nú, eftir 10 ára baráttu við vindmyllur, frammi fyrir því að tilkynna viðkomandi stjórnvöldum að líkhúsinu í Fossvogi verði lokað innan tíðar ef ekki næst fram ábyrg afstaða um það hverjir eigi að axla þessa samfélagsþjónustu og um það verði sett lög.

Í raun og veru er fresturinn liðinn. Talsmenn kirkjugarða settu fram á árabílinu 2006-2012 rökstuðning um réttlátt framlag ríkisins til að reka líkhúsið í Fossvogi eða heimild í lögum til að taka gjald til að hafa þann rekstur sem næst kostnaðarréttan. Nú, eftir gríðarlegar skerðingar á framlagi ríkisins frá 2009, sem eru til komnar vegna hagræðingarkrafna í kjölfar efnahagshruns og óútskýrðra viðbótarskerðinga, sem nema um þrjú hundruð

# Minningin lifir meitluð í stein



**STEINKOMPAÑÍÐ**  
Viðarhöfða 1



[www.steinkompaniid.is](http://www.steinkompaniid.is)

852 6111 852 7111

milljónum króna, er eina ráðið undanhald. Nú er alvarlega íhugað að draga saman seglin og loka líkhúsinu í Fossvogi og einnig Fossvogskirkju, Kapellu og Bænhúsi og verja þeim peningum, sem í þann rekstur hafa farið, í lögbundin verkefni, s.s. umhirðu garðanna, greftrun og endurnýjun véla og tækja til þeirra hluta.

### Hvar verður næsta bálstofa á Íslandi og hvenær er hennar þörf?

Bálstofan í Fossvogi var vígð árið 1948 og er því jafngömul Fossvogskirkju og líkhúsi. Bálstofan, sem þjónar öllu landinu, hefur frá árinu 2005 fengið sérstakt framlag frá ríkinu samkvæmt samkomulaginu sem gert var milli ríkis og kirkjugarðaráðs. Þetta framlag hefur náð yfir kostnað við rekstur bálstofunnar, s.s. mannahald og viðhald, en húsnæði og vélabúnaður er löngu afskrifaður bókhaldslega.

Ofnar bálstofunnar eru tveir og hafa þeir á undanförunum áratugum verið yfirfarnir af dönskum sérfræðingum og er viðhald þeirra gott. Griðarleg aukning hefur orðið á bálförum undanfarin 10 ár og er ekki séð fyrir endann á þeirri aukningu. Á þjónustusvæði KGRP (Reykjavík, Kópavogur og Seltjarnarnesbær) 2014 voru 59% grafa kistugrafir og 41% duftkersgrafir en hlutfallið á öllu landinu, að höfuðborgarsvæðinu meðtöldu, er 73% kistugrafir og 27% duftkersgrafir.

Bálstofan í Fossvogi getur sinnt hlutverki sínu eins lengi og hún hefur starfsleifi frá heilbrigðiseftirlitinu. Í nágrannaríkjum okkar hefur mengunarlöggjöf skyldað bálstofur til að setja upp hreinsibúnað til að safna saman spilliefnum sem að öðrum kosti færu út í andrúmsloftið. Fjöldi bálfara er orðinn það mikill hér á landi ár hver að þess verður vart langt að bíða að slík lög verði sett hér á landi. Þegar KGRP standa frammi fyrir því að þurfa að setja upp hreinsitæki sem eru eins dýr og ofnarnir sjálfir og slík hreinsitæki þurfa húsnæði sem er litlu minna en sjálf bálstofan, þarf stjórnin að taka ákvörðun um byggingu bálstofu því vart verður séð að hægt verði með skynsamlegum hætti að koma nýjum hreinsitækjum við gömlu ofnana í Fossvogi. Það er ekki sú leið sem nágrannaríki okkar fóru þegar lagaumhverfi breyttist hjá þeim fyrir um 20 árum.

Ekki er ósennilegt að þessi breyting verði hér á landi innan 15 ára og þarf því á næstu árum að huga að varanlegri lausn þessara mála. Nærtækast er væntanlega að horfa á Hallsholtið við Gufuneskirkjugarð þar sem KGRP eiga góða lóð undir slíka byggingu, samanber hönnun þjónustubygginganna sem getið var í upphafi þessarar greinar en þar er gert ráð fyrir bálstofu framtíðarinnar.

*Þórsteinn Ragnarsson,  
forstjóri og formaður KGSÍ.*



## Útfarar- og lögfræðisþjónusta

Önnumst alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi



*Elín Sigrún Jónsdóttir  
frankvæmdastjóri*

*Þórsteinn Elísson  
útfararþjónusta*

*Snævar Jón Andrésson  
útfararþjónusta*

*Hugrún Jónsdóttir  
útfararstjóri*

*Rósa Kristjánsdóttir  
útfararstjóri*



*Guðmundur Baldvinsson  
útfararþjónusta*

*Jón G. Bjarnason  
útfararþjónusta*

*Ellert Ingason  
útfararþjónusta*

*Katla Þorsteinsdóttir  
lögfræðisþjónusta*

*Gestur Hreinsson  
útfararþjónusta*

## Við þjónum allan sólarhringinn

Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - [www.utfor.is](http://www.utfor.is)



# Fréttir af aðalfundum 2014 og 2015

## Aðalfundur 2014

Aðalfundurinn var haldinn á Hótel Hamri í Borgarnesi laugardaginn 31. maí og sunnudaginn 1. júní. Fundurinn hófst kl. 13:00 fyrri daginn og stóð til kl. 16:00 og seinni daginn hófst hann kl. 10:00 og lauk kl. 12:00. Aðalfundargestir tóku nánast allt hótelið sem eftir stækkun býður upp á 44 vel búin herbergi. Margt fróðlegt var á dagskránni og ýmislegt til skemmtunar eins og ávallt.

Fyrri daginn var fjallað um skýrslu Haraldar L. Haraldssonar „Fjármál kirkjugarða – greining og tillögur“ Þrjú fulltrúar innan KGSÍ fjölluðu um skýrsluna. Þeir Erlendur Geir Arnarson KGH, Smári Sigurðsson KGA, og Þórsteinn Ragnarsson KGRP. Skýrslan í heild var áður kynnt á aðalfundinum á Akureyri 2013 en þá kom höfundur á fundinn með nýútkomna skýrsluna.

Meðan á fundi stóð fyrri daginn fóru makarnir í skoðunarferð um Borgarnes og síðan að Borg á Mýrum þar sem sr. Þorbjörn Hlynur prófastur tók á móti hópnum og sagði frá höfuðbólínu. Eftir fundinn fór síðan allur hópurinn að Reykholti og þar tók sr. Geir Waage á móti mannskapnum og sagði frá sögu staðarins á sinn einstæða hátt.

Hátíðarkvöldverður var um kvöldið og við borðhaldið var Ólafur Þ. Guðmundsson frá Njarðvík gerður að heiðursfélaga. Síðan var dansinn stiginn til kl. 01.

Seinni fundardagur hófst á erindi Stefáns Gunnarssonar garðyrkjufraeðings hjá KGA. Stefán flutti fróðlegt erindi sem hann nefndi: „Úr smíðju garðyrkjudeildar KGA“. Því næst flutti Þórsteinn Eyþórsson frá Borgarnesi, erindi um Kirkjugarðinn þar, rekstur hans og stækkunaráform. Að lokum flutti Egill Ólafsson sagnfræðingur og heimamaður erindi um Borgarnes. Egill greindi frá ýmsum atburðum úr sögu bæjarins og kom inn á samskipti ráðamanna þar.

Í tilefni erfiðrar fjárhagsstöðu kirkjugarða og útkomu skýrslu Haraldar var samþykkt ályktun sem send var ráðamönnum:

Ályktun aðalfundar Kirkjugarðasambands Íslands, sem haldinn var í Borgarnesi laugardaginn 31. maí og sunnudaginn 1. júní 2014, send innanríkisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra:

„Aðalfundurinn fagnar því að innanríkisráðherra hafi skipað þriggja manna nefnd eftir tilnefningu frá innanríkisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og kirkjugarðaráði til að fara yfir fjármál kirkjugarða, m.a. skýrslu Haraldar L. Haraldssonar hagfræðings sem kom út árið 2013, samkomulagið milli ríkisins og kirkjugarðaráðs frá 2005 og fleiri brýn mál er snerta málaflokkinn, s.s. frumvarp til laga um breyting á lögum um kirkjugarða sem biður afgreiðslu þingsins. Ætla má að meginverkefni nefndarinnar verði að bera saman fjárveitingar ríkisins við raunverulegan kostnað við rekstur kirkjugarða. Lögð er áhersla á að þau mörgu brýnu málefni kirkjugarða, sem verið hafa á borði innanríkisráðherra, verði afgreidd í framhaldi af störfum nefndarinnar þjóðinni til heilla.“

## Afmælisaðalfundur 2015

Tuttugasti aðalfundur KGSÍ verður haldinn á Hótel Natura í Reykjavík dagana 8. – 10. maí nk.

Í tengslum við aðal- og afmælissfundinn verður málþing á Hótel Natura kl. 13:00 á föstudeginum. Umfjöllunarefni verður umhirða og viðhald í kirkjugörðum. Eftir málþingið verður

haldin véla- og tækjasýning frá kl. 16-18 við vélaverkstæði KGRP í Fossvogi. Sjálfur aðalfundurinn hefst síðan kl. 09:00 á laugardagsmorgun og stendur til kl. 15:00 en þá verður farin skoðunarferð innan höfuðborgarsvæðisins. Um kvöldið munu aðalfundarfulltrúar og makar þeirra snæða saman kvöldverð á Hótel Natura kl. 19:30.

Á sunnudagsmorgun kl. 10:00 verður afmælissfundinum slitið í Fossvogskirkju.

## Aðalfundir KGSÍ 1996 - 2015:

1. fundur	1996	Egilsstaðir
2. fundur	1997	Höfn í Hornafirði
3. fundur	1998	Borgarnes
4. fundur	1999	Vestmannaeyjar
5. fundur	2000	Hveragerði (sýning)
6. fundur	2001	Akureyri
7. fundur	2002	Reykjavík (sýning)
8. fundur	2003	Keflavík
9. fundur	2004	Ísafjörður
10. fundur	2005	Selfoss
11. fundur	2006	Akureyri (annað sinn – haldið í stað Egilsstaða)
12. fundur	2007	Egilsstaðir (annað sinn)
13. fundur	2008	Stykkishólmur
14. fundur	2009	Höfn í Hornafirði (annað sinn)
15. fundur	2010	Hafnarfjörður
16. fundur	2011	Húsavík
17. fundur	2012	Hótel Laki við Kirkjubæjarklaustur
18. fundur	2013	Akureyri (þriðja sinn – haldið í stað Borgarnes)
19. fundur	2014	Borgarnes (annað sinn)
20. fundur	2015	Reykjavík (annað sinn í maí nk.)



Fulltrúar á aðalfundi 2014.




Þórsteinn Eyþórsson segir frá rekstri kirkjugarðs Borgarnes.



## Hólavallagarður einn af fallegustu kirkjugörðum Evrópu

Á ferðasiðu National Geographic er að finna lista yfir fallegustu kirkjugarða Evrópu. Þar er Hólavallagarður í hópi fimm annarra, en höfundur greinarinnar nefnir sérstaklega mosann, trjágróðurinn og fuglalíf, auk jólaljósanna sem lýsa garðinn á dimmasta tíma ársins.

Hægt er að skoða greinina á slóðinni: <http://intelligenttravel.nationalgeographic.com/2014/10/29/europes-loveliest-cemeteries/>



## Bálfarabeidni skipulag útfarar - æviágrip

*Athyglisverðar  
upplýsingar, kynnið  
ykkur málið!*

[www.kirkjugardar.is](http://www.kirkjugardar.is)

## Wacker Neuson býður upp á réttu tækin í alla almenna jarðvegsvinnu og garðaumhirðu



Smágröfur og beltagröfur  
frá 800 kg upp í 15 tonn.  
Hjólgröfur upp í 10 tonn.



Beltavagnar upp í 3 tonn og  
hjólavagnar (dumperar) upp í 10 tonn.  
Allt sem viðkemur jarðvegsvinnu.



Þjöppur, vibratarar, brotvélar, steinsagir, glattarar.  
Allt sem viðkemur steypuvinnu og þjöppun.



Fjórhjólástýrðar hjólaskóflur. Lágbyggðar og  
stöðugar vélar. Fáanlegar með lyftigetun allt að  
4,3 tonnum. Möguleiki á 40 km aksturhraða.  
Tilvaldar í snjómokstur og alla alhliða vinnu.



**Reykjavík:**  
Krókháls 16  
110 Reykjavík  
Sími 568-1500

**Akureyri:**  
Lönsbakka  
601 Akureyri  
Sími 568-1555

**Vefsíða:**  
[www.thor.is](http://www.thor.is)



# Starfsemi KGSÍ í 20 ár

## - Undirbúningur og stofnun

Um þessar mundir eru liðin 20 ár frá stofnun Kirkjugarðasambandsins. Af því tilefni heimsótti blaðamaður Bautasteins Þórstein Ragnarsson, formann sambandsins og forvitnaðist um upphaf og stofnun sambandsins. Við byrjuðum á því að spyrja hvers vegna sambandið var stofnað?

„Eitt af mínum fyrstu verkum í starfi forstjóra Kirkjugarða Reykjavíkurprófestsdæma (KGRP) var að huga að stofnun landssambands um málefni kirkjugarða. Ég hafði verið 12 daga í starfi þegar ég kallaði saman nokkra valinkunna menn til að ræða þau mál. Þann fund sátu, auk mín, Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkv.stj. Skipulagsnefndar Kirkjugarða, Einar Sæmundsen, landslagsarkitekt og Sigurjón Jónasson, rekstrarstj. KGRP. Á þessum fundi var ákveðið að athuga með stofnun kirkjugarðasambands á Íslandi og var mér falið að hafa samband við formenn kirkjugarðastjórna þeirra bæjarfélaga, sem teldu yfir 3.000 íbúa. Þeir aðilar yrðu kallaðir saman á fund, sem ræddi möguleika á viðtækara samstarfi kirkjugarðafólks í framtíðinni. Ef vel tækist til og hugur væri í mönnum með stofnun slíks sambands, yrði fulltrúum allra kirkjugarða á landinu boðin þátttaka. Í framhaldinu var efnt til undirbúningsfundar þann 10. júní á Akureyri og þar mættu 20 fulltrúar stærstu kirkjugarða landsins.“

### Hvað fór fram á þessum undirbúningsfundum?

„Þar voru haldin nokkur erindi: Guðmundur Rafn sagði frá starfi sínu sem umsjónarmaður kirkjugarða, Sigurjón Jónasson hélt erindi um líkbrennslu, Einar E. Sæmundsen tefldi fram rökum fyrir stofnun kirkjugarðasambands og sagði frá norrænum kirkjugarðasamböndum og ég hélt erindi um tekjuskerðingu kirkjugarða. Eftir fundinn var farin skoðunarferð um kirkjugarðana á Akureyri.“

Á fundinum kom fram að mönnum þótti sýnt að kirkjugarðasamband mundi bæta hag málaflöksins sem hafði legið undir látlausri ágjöf stjórnvalda og kirkjugarðsgjaldið hafði á nokkrum árum verið skert um tugi prósent.“\*

### Hver var niðurstaða fundarins?

„Í fundarlök var samþykkt að stofna kirkjugarðasamband og voru Guðmundur Rafn Sigurðsson, Benedikt Ólafsson, Akureyri, og Þórsteinn Ragnarsson kosnir í undirbúningsnefnd. Í framhaldinu hóf undirbúningsnefndin störf og sendi út bréf til kirkjugarðastjórna þar sem skýrt var út hvað ákveðið hafði verið á fundinum á Akureyri og að til stæði að stofna kirkjugarðasamband. Undirtektir voru góðar og tilkynntu fulltrúar rúmlega 20 kirkjugarðastjórna þátttöku í stofnun kirkjugarðasambands. Stofnfundur var síðan auglýstur 9. desember 1995 í Reykjavík og þar komu saman 30 manns, þar af fulltrúar 22 kirkjugarða sem stofnuðu Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ).“

Fyrsta stjórn KGSÍ var skipuð eftirtöldum einstaklingum: Formaður var kjörinn Þórsteinn Ragnarsson frá Kirkjugörðum



Gestur Jónsson og Benedikt Ólafsson í stjórn Kirkjugarða Akureyrar taka á móti fulltrúum af undirbúningsfundum.



Þátttakendur á undirbúningsfundum á Akureyri vegna stofnunar Kirkjugarðasambands Íslands 10. og 11. júní 1995. Aftasta röð f.v.: Ástráður Magnússon, Holger Hansen, Þjóðbjörn Hannesson, Ásgeir Hallsson, Gunnar H. Lórensson, Jóhannes Pálmason, Þórsteinn Ragnarsson, Jóhann S. Björnsson. Önnur röð f.v.: Sigurður Arnórsson, Hermann Larsen, Einar Sæmundsson, Arnór L. Pálsson, Anna María Kristjánsdóttir, Fríðsemd Hafsteinsdóttir. Fyrsta röð f.v.: Ólafur Þ. Guðmundsson, Hjörtur Tryggvason, Benedikt Ólafsson, Gestur Jónsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Sigurjón Jónasson.

\* 15% árið 1990 og síðan um 5% í viðbót ári síðar. Auk þessarar skerðingar var markaðsgjaldið, sem kom í stað aðstöðugjaldsins, einnig lagt niður í áföngum: Árið 1994 fengu kirkjugarðar 46% af innheimtu markaðsgjaldi, sem lagt var á það árið, 36% af innheimtu markaðsgjaldi, sem lagt var á 1995 og 22% af innheimtu markaðsgjaldi, sem lagt var á á árinu 1996 og ekkert árið 1997, nema eftirstöðvar ársins 1996.

Reykjavíkúrprófastsdæma, meðstjórnendur voru kjörnir Benedikt Ólafsson frá Kirkjugörðum Akureyrar og Guðmundur Rafn Sigurðsson frá Skipulagsnefnd kirkjugarða. Varamenn voru kjörnir Ástráður Magnússon frá Egilsstöðum og Anna M. Kristjánsdóttir frá Oddasókn.

#### *Hvernig hefur KGSÍ dafnað í þessi 20 ár frá stofnun?*

„Í 2. gr. laga, sem samþykkt voru á stofnfundinum, kemur skýrt fram hver sé tilgangurinn með stofnun KGSÍ, en þar stendur“:

1. *Að efla samstarf kirkjugarða og standa vörð um faglega hagsmunum þeirra.*
2. *Að koma fram fyrir sambandsaðila gagnvart stjórnvöldum og gæta hagsmuna þeirra á sviði fjármála.*
3. *Að gangast fyrir upplýsingastarfsemi í þágu kirkjugarða, í því skyni að miðla hagnýtum upplýsingum á milli þeirra og ná fram hagkvæmni í rekstri og betri þjónustu.“*

„Ég tel að KGSÍ hafi unnið dyggilega að þessum þremur meginmarkmiðum og þar hafi nokkuð áunnist. Haldnir hafa verið aðalfundir öll árin og fundarstaðir valdir á víxl eftir landshlutum. Mér er minnisstætt að fljótlega eftir stofnun KGSÍ hafði einn embættismaður í dóms- og kirkjumálaráðuneyti það á orði að nú væru kirkjugarðamálin að verða sýnileg, þau hefðu haft lítið vægi innan ráðuneytisins, hefðu ávallt verið í skugganum af málefnum þjóðkirkjunnar sem snérust um trúmálastarfsemi.“

Eitt af því sem ber hæst á þessum 20 árum er stofnun miðlæga gagnagrunnsins [www.gardur.is](http://www.gardur.is) sem formlega var hleypt af stokkunum 2001 með allar fánlegar legstaðaskrár landsins og hefur nú öðlast viðurkenningu allra landsmanna og hefur sitt hlutverk í lögum um kirkjugarða. „Ekki voru allir sammála um „slíka miðstýringu“ en almennt voru kirkjugarðastjórnir (sóknarnefndir) jákvæðar og afhentu skrifaðar legstaðaskrár til að hægt væri að slá þær inn í gagnagrunninn. Í ljós kom við söfnun legstaðaskráa að of víða vantaði skrárnar. Menn höfðu ekki gætt þess að færa upplýsingarnar á blað og í sumum tilfellum voru skrárnar týndar. Þetta er skýringin á því að ekki er hægt að fletta legstaðaskrá

einstaka kirkjugarða aftur í tímann en tryggt er að allar upplýsingar eru á [gardur.is](http://gardur.is) frá árinu 2000. Í tengslum við vefinn [www.gardur.is](http://www.gardur.is) hafa margir kirkjugarðar verið mældir upp með nýjustu gps-tækni og til staðar eru nákvæm kort sem auðvelda fólki að finna legstaði ástvina sinna.“

„Einnig má nefna varnarbaráttu gagnvart stjórnvöldum er varðar fjármagn. Þar hafa skiptst á skin og skúrir, þó aðallega skúrir. Eftir að stjórn KGSÍ tók saman skýrslu um fjármál kirkjugarða sem kom út 2003 komst hreyfing á málín. Skipuð var ein nefndin í viðbót til að gera tillögu um nýjar viðmiðanir við útdeilingu fjár til kirkjugarða og til varð samkomulag milli ríkisins og kirkjugarðaráðs sem tók gildi í ársbyrjun 2005 og er það samkomulag enn við lýði, reyndar með stórskertum forsendum (einingaverðum). Ég er ekki nógu ánægður með það sem unnið hefur í þeim efnum en spyrja má hvernig fjármálin væru ef ekki hefðu komið til talsmenn kirkjugarðamála. Þarna er við ramman reip að draga. Kirkjugarðar hafa undanfarin ár fengið sömu trakteringar hjá fjármálaráðuneytinu og þjóðkirkjan, samanber umframskerðing sóknargjalda en því máli er ekki lokið. Ráðherraskipuð nefnd hefur að undanförunu farið yfir fjármál kirkjugarða og þá útreikninga sem gerðir hafa verið í fjármálaráðuneytinu og sýna óútskýrða umframskerðingu.“

Nefna má að eftir 20 ára starf innan KGSÍ er svo komið að allir kirkjugarðar landsins eru þar innanborðs og sambandinu hafa verið falin ákveðin verkefni í lögum um kirkjugarða.

#### *Hvaða fleiri mál eru ofarlega á baugi hjá ykkur í stjórn KGSÍ?*

„Eitt af verkefnum, sem KGSÍ hefur verið falið, er að sjá um útreikninga og útdeilingu fjár til kirkjugarða landsins eftir sérstöku gjaldalikani sem til varð við gerð skýrslunnar frá 2003. Frá árinu 2012 hefur KGSÍ einnig greitt öllum prestum landsins fyrir þjónustu við útfarir og hefur það haft mikla hagræðingu í för með sér og mun betri skýrsluskil inn á [gardur.is](http://gardur.is). Í tengslum við þessa vinnu hefur komið í ljós að stjórneiningarnar innan málaflokksins eru of margar, a.m.k. er það skoðun stjórnar KGSÍ. Þess vegna hefur það verið á stefnuskrá að hvetja til þess að stjórnir fámennra sókna, t.d. innan dreifbýlisprestakalla, sameinist, en um leið verði



*Fulltrúar á undirbúningsfundi á Akureyri.*



Fulltrúar kirkjugarða á stofnfundi KGSÍ í Reykjavík. Frá vinstri: Benedikt Björnsson, Garðabæ, Hilmar E. Guðjónsson, Garðabæ, Arnór L. Pálsson, KGRP, Einar E. Sæmundsen, Reykjavík, Ásgeir Hallsson, KGRP, Sigurjón Jónasson, KGRP, Jóhann S. Björnsson, Mosfellsbæ, Þjóðbjörn Hannesson, Akranesi, Jón S. Einarsson, Norðfirði, Holger Hansen, Hveragerði, Gunnar H. Lórensson, Akureyri, Ólafur Þ. Guðmundsson, Njarðvík, Jóhannes Pálmason, KGRP, og Hjörtur Tryggvason, Húsavík. Þrjú standandi í fremri röð frá vinstri: Guðrún B. Ægisdóttir, Stórolfshvolfsókn, Friðsemd Hafsteinsdóttir, Oddasókn, og Gunnar Sveinsson, Keflavík. Sitjandi frá vinstri: Þórsteinn Ragnarsson, KGRP, Anna M. Kristjánsdóttir, Oddasókn og Guðmundur Rafn Sigurðsson, Reykjavík.

tryggt að fulltrúi hvers kirkjugarðs (sóknar) hafi stjórnarmann í sameiginlegu kirkjugarðsstjórninni. Það hefur gengið illa að fá heimamenn til að framkvæma slíkar sameiningar þó að þeir séu

almennt mjög jákvæðir og sjái kosti þessar slík mál ber á góma, t.d. á héraðsfundum eða á aðalfundum KGSÍ. Vel hefur tekist til í Eyjafirði, þar hafa á undanförunum árum farið fram

## Kraftvélar bjóða upp á fjölbreytt úrval tækja og bíla



**NEW HOLLAND**  
AGRICULTURE

Dráttarvélar



**IVECO**

Atvinnubifreiðar



**WEIDEMANN**  
Smávélar



**KOMATSU**  
Vinnuvélar

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500  
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526  
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

**KRAFTVÉLAR**



Frá vinstri Þórsteinn Ragnarsson formaður, Anna M. Kristjánsdóttir frá Oddasókn (varastjórn) og Guðmundur Rafn Sigurðsson (stjórn). Á myndina vantar Benedikt Ólafsson (stjórn) og Ástráð Magnússon (varastjórn).

nokkrar sameiningar með góðum árangri, a.m.k. er ekki vilji til að snúa til baka þar sem skrefið hefur verið stigið. Líklegt er að það þurfi að gera allsherjar stefnumótun um þessi mál fyrir allt landið og setja lög um slíka áætlun til að tryggja að hún gangi eftir. Ég sé fyrir mér að kirkjugarðastjórnir geti auðveldlega farið úr 250 niður fyrir 100 í fyrstu lotu og síðan mætti athuga enn frekari sameiningar innan prófastsdæma. Þetta mundi auðvelda alla stjórnun innan þjónustusvæðanna og tryggja að umhirdustigið væri nokkuð jafnt milli kirkjugarða. Vonandi tekst á allra næstu

árum að tryggja slíka hagræðingu og um leið tryggja ítök heimamanna innan hvernar kirkjugarðsstjórnar. Stærsta forðemið í þessu efni er reyndar á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. sameining 24 sókna innan Reykjavíkurprófastsdæma.“

*Eitthvað að lokum sem þú vilt taka fram í tengslum við 20 ára afmælið?*

„Afmælisáðalfundurinn verður haldinn í Reykjavík dagana 8. til 10. maí nk. og þar verður margt á dagskrá, t.d. fáum við góðan gest frá Noregi sem mun fjalla um kirkjugarðamál í heimalandinu. Innan KGSÍ hefur alla tíð ríkt sá andi að hafa bæði gagn og gaman af því að hittast einu sinni á ári. Reynt er að hafa fjölbreytta dagskrá sem spannar bæði viðfangsefni þeirra sem stjórnar og þeirra sem vinna við umhirðu og greftranir í görðunum. Við höfum í flest skipti slegið upp dansleik eftir hátíðarkvöldverð á hverjum fundarstað og þar er ávallt glatt á hjalla. Allir kveðjast síðan morguninn eftir í kirkju staðarins eða kirkjugarðinum og hver heldur til síns heima.“

„Að síðustu vil ég nefna Bautastein, blaðið okkar, það hefur komið út frá árinu 1996 og verið traust tenging við samherja um allt land og einnig hefur blaðið fært ráðamönnum upplýsingar um málaflokkinn. Stjórn KGSÍ taldi í upphafi að blaðaútgáfa á vegum sambandsins væri rökrétt framhald þess að stofna sambandið. Bautasteinn hefur verið og verður vettvangur umræðu um kirkjugarðamálefni hér á landi. Ávallt hefur verið stefnt að því, að efni í blaðið berist sem víðast að og það upplýsi lesendur um flest er lýtur að kirkjugarðamálefnum og menningarmálum í tengslum við málaflokkinn. Megi svo verða um ókomna tíð.“

**Pólýhúðun**   
Akureyri

## Er ódýrara að lagfæra en að kaupa nýtt?

Lökkum/húðum alla gerðir málma og gler.

Ólitaður eða flagnaður leiðiskross er ekki til sóma í neinum kirkjugarði. Höfum áralanga reynslu í að sandblása og pólýhúða leiðiskrossa, stakket, kertalugtir og kertastjaka úr málmi.

Gæði og góð þjónusta...

### Við gerum m.a. upp:

- Felgur
- Leiðiskrossa
- Húsgögn
- Ljós
- Handrið
- Hillur
- Húsamerki
- Þilofna
- Flaggstangir
- Aukahluti fyrir bíla, fjórhjól, mótörhjól
- Og margt margt fleira.

Við hjá Pólýhúðun Akureyri ehf notum innbrennda duftlökkun sem er hágæða lökkunaraðferð (powder coating) sem býðst í mörgum litum og áferðum.

**Hafðu samband og kynntu þér málið!**

Draupnisgata 7m | sími 462-6600 / 897-8454 | polyak@simnet.is



*Kirkjugarðurinn í Saint-Lazare í Montpellier.*

*Kristján Linnét*

## Kirkjugarðar í Frakklandi

Í ágúst 2014 fór ég í ársleyfi hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur og fór til ársdvalar í Frakklandi ásamt konu og dóttur. Konan er frönskukennari og var að fara í námsleyfi, en ég fór með til að sinna heimilisstörfum, skrá niður dvölini í máli og myndum og fá kærkomna hvíld frá erfiðum kirkjugarðastörfum eftir rúmlega 25 ára starf. Dvölin í Frakklandi er tvískipt. Við vorum fimm mánuði í Suður-Frakklandi, nærri Montpellier og verðum sex mánuði á Martinique sem er eyja í karabíska hafinu. Hún er gömul frönsk nýlenda og er í dag eitt af mörgum héruðum Frakklands. Ég hef ávallt á ferðum mínum erlendis reynt að skoða kirkjugarða, ekki bara vegna starfans, heldur líka vegna þess að þar má finna margvíslega fegurð, fallegan gróður og glæsileg minnismerki. Og friðsæld. Í þeim er stór hluti af menningararfi hverrar þjóðar og það er gaman að sjá hversu ólíkir þeir geta verið og hversu mismunandi áherslur hver þjóð hefur á því að heiðra minningu hinna látnu.

### **Ekki stingandi strá**

Á Íslandi er grasið allsráðandi í langflestum kirkjugörðum, en því er allt öðruvísi farið í Frakklandi. Þar er yfirleitt ekki að finna stingandi strá og enginn runnagróður eða limgærði prýða umhverfið. Stök tré standa upp í loftið og stundum trjáraðir. Litla

vinna er því að hafa fyrir garðyrkjumenn, en aftur á móti er þar gósenland fyrir steinsmiði og múrara. Þegar gengið er um franskan kirkjugarð eru lítil steinhús það fyrsta sem fangar hugann. Þau eru í ýmsum stærðum og mörg fagurlega skreytt. Á þeim eru dyr eða hlið sem hægt er að læsa. Í eldri görðum eru þau oft sérstaklega íburðarmikil og stór. Sum minna jafnvel á lítil sumarhús. Á þau er oftast ritað nafn þeirrar fjölskyldu sem hvílir eða á að hvíla þar. Undir þeim er grafhvelvingin þar sem kisturnar hvíla. Yfir grafhvelvingunni eru þó ekki alltaf hús. Stundum er látið duga að hafa upphækkun úr steypu eða marmara. Húsin standa ekki alltaf hátt til lofts, sérstaklega ekki á nýrri grafarsvæðum. Ég ætla að leyfa mér það hér á eftir að nota orðið grafhýsi yfir hvortveggja. Algengt er að setja upprétta, litla platta á grafhýsin eða inn í þau. Á þá eru ritaðar kveðjur frá fjölskyldu og vinum. Það geta t.d. verið kveðjur frá eiginkonu, frændfólki eða vinunum á barnum. Moldarbeð eru sjaldan í þeim eða við þau. Afskorin blóm eru sett í vasa eða lifandi blóm í pottum. Allra sálna messa, 1. nóvember, er sá dagur þegar flestir koma í kirkjugarðinn. Þá fyllist garðurinn af blómum, blómum sem við á Íslandi þekkjum sem sumarblóm, en eru haust og vetrarblóm í Frakklandi, a.m.k. í suðurhlutanum.



*Père-Lachaise kirkjugarðurinn í París er eins og listasafn og þangað ættu allir að fara sem heimsækja Parísarborg.*

### **Margar kistur undir hverju grafhýsi**

Á grafhýsunum eru yfirleitt nokkur nöfn, sem þýðir að þau hafa að geyma fleiri en eina kistu. Í hverja grafhvelfingu eru settar allt að sex kistur á tveimur hæðum. Hægt er að velja grafhvelfingu fyrir eina til sex kistur. Grafhvelfingarnar eru gerðar úr steinsteypu neðanjarðar og er gert ráð fyrir að loftrými sé á milli kistna og steipt plata á milli. Oft er um forsteiptar einingar að ræða og eins og á Íslandi skal vera einn metri niður á efstu kistu. Sá hluti grafarinnar sem er ofanjarðar er oftast úr veglegra efni, eins og graníti eða marmara.

Í stað þess að setja kistu í grafhvelfingu er hægt að setja hana í venjulega gröf og moka jarðvegi yfir. Langflestir velja grafhvelfinguna enda hagkvæmari kostur til lengri tíma lítið, þar sem keypt er eitt pláss fyrir margar kistur í stað einnar. Fólk er einnig bent á það að kistan geymist betur í grafhvelfingunni en moldarjarðveginum.

### **Dýr legstæði í París**

Áður en kista er sett í kirkjugarðinn þarf að kaupa pláss ef það er ekki til staðar þá þegar. Þá er keypt pláss fyrir grafhvelfingu eða venjulega gröf. Verðið á plássinu er mismunandi eftir sveitarfélögum og kirkjugörðum. Það kostar t.d. allt að sex milljónum að fá pláss í Père Lachaise kirkjugarðinum í



*Kirkjugarður í Rivière-Pilote á Martinique.*



*Kirkjugarður í Rivière-Pilote á Martinique.*

miðborg Parísar, en á minni stöðum úti á landi er jafnvel hægt að komast upp með að borga nokkra þúsundkalla. Svo stendur val á milli þess að kaupa pláss til fimm, tíu, 30 eða 50 ára. Einnig er í boði að kaupa pláss til eilífðarnóns eða væntanlega svo lengi sem kirkjugarðurinn er uppstandandi. Þá erfist plássið til erfingja skráðs eiganda. Sé pláss keypt til skemmri tíma stendur til boða að endurnýja að liðnum þeim tíma sem keyptur var.

Sveitar-, héraðs- eða borgarstjórnirnar sjá um rekstur og umhirðu kirkjugarðanna á hverjum stað. Fólki stendur sjaldnast til boða að hvíla hvar sem er, en gert er ráð fyrir að fólk hafi haft búsetu á þeim stað þar sem kirkjugarðurinn er eða a.m.k. haft einhver tengsl við þann stað. Hægt er að neita beiðni um jarðsetningu í kirkjugarði.

### Sannkallað listasafn

Margir kirkjugarðar í Frakklandi eru glæsilegir og sumir hreinustu listasöfn, eins og t.d. Père Lachaise kirkjugarðurinn í París. Þar hvíla mörg stórmenni Frakklands og grafhýsin eru mörg stór og afar falleg. Þar er einnig gróf fyrrum söngvara hljómsveitarinnar The Doors, Jim Morrison, sem dregur til sín marga gesti á hverjum degi. Þar eru einnig fallegar stytur af ýmsum stærðum. Að ganga þar um er stundum eins og að ganga um stræti borgar og enginn sem á leið um Parísarborg ætti að láta það eiga sig að heimsækja þennan stórglæsilega garð.

Þeir eru þó ekki allir jafn glæsilegir kirkjugarðarnir. Innan um má finna frekar illa hirta garða með fáum reisulegum steinhúsum. Ríkidæmið er ekki allstaðar jafnmikið. Það má segja um



*Úr kirkjugarði í Carcassonne.*






*Kirkjugarður í Provence. Ekkert gras, bara steinninn allsráðandi.*

garðana á Martinique. Þar eru grafhýsin íburðarminni. Þau eru flest öll gerð úr steinsteypu að utan, en að innan er oft flísalagt í hól og gólf. Þau eru oftast hvítmáluð að utan en flísarnar fyrir innan eru stundum litaðar með fallegu munstri. Það er greinilegt að fólk leggur mikið upp úr því að hafa þau snyrtileg að innan, því að oft má sjá skúringagræjur í einu horninu. Sama má segja um garðana sem ég hef séð, þeir eru eins snyrtilegir og vera má. Yfirleitt er enginn gróður í þessum görðum nema það sem fólk setur við grafirnar í pottum eða í vasa. Það er þó blátt bann við því að sett sé á eða við leiðin eitthvað sem getur safnað



*Séð inn í grafhýsi í kirkjugarðinum í Les-Trois-Ilets á Martinique.*



*Teikningin sýnir hvernig kisturnar raðast hver ofan á aðra í grafhvelvingunni.*

vatni. Það er vegna þess að ákveðinn tegund af moskítóflugum fjólgar sér í kyrru, tæru vatni. Moskítófluga sú getur smitað fólk af tvenns konar vírusum sem valda háum hita og óþægilegum liðverkjum sem stundum geta varað lengi og geta verið lífshættulegir fyrir þá sem eru veikir fyrir. Upp kom faraldur í fyrir rúmu ári síðan og þurfti að fækka varpstöðum flugunnar, á þennan hátt meðal annars. Þeir sem ekki fara eftir þessu geta átt von á háum sektum. Plastblómin eru því frekar notuð um þessar mundir. Á grafhýsunum eru hlerar að framan með handföngum til opna inn í þau þegar taka þarf grafir. Á meginlandinu er ýmist opnað að ofan eða að framan.

Allir kirkjugarðar hafa sinn stíl og sinn sjarma. Þar er yfirleitt eitthvað fallegt og skemmtilegt að sjá þótt efni standi ekki alltaf til góðrar umhirðu. Í mörgum tilvikum eru þar hreinustu lista-söfn á ferðinni og tilvalið að röltu þar um á ferðum sínum, hvort sem er innanlands eða erlendis.

# EINSTÖK SLÁTTUVÉL FYRIR KIRKJUGARÐA



**Vetrarsól ehf.**

Kópavogur  
Sími 564 1864  
vetrarsol@vetrarsol.is



Stiga Turbo  
Pro 50S sláttuvél  
með drifi  
7 hestafla  
B&S mótör  
70 ltr. grashirðikassi

## Blóm á grafreiti

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð  
við Suðurgötu, Gufuneskirkjugarð, Sólland  
og Fossvogskirkjugarð



Upplýsingar alla virka daga frá  
kl. 9 - 16 í síma 585 2770



# Nýtt sáluhlið í Gufuneskirkjugarði



Ljósmyndir: Arnfinnur R. Einarsson og Þórsteinn Ragnarsson.

Síðastliði haust var nýtt sáluhlið vígt í Gufuneskirkjugarði, nánar tiltekið þann 28. nóvember sl. Sr. Birgir Ásgeirsson prófastur vígði hliðið og viðstaddir voru starfsmenn og gestir. Meðfylgjandi myndir sýna hliðið að degi og kvöldi, en lýsing setur skemmtilegan svip á það á kvöldin. Arkibúllan teiknaði hliðið, líkt og starfsmannabygginguna og aðrar byggingar sem eru á framtíðarskipulagi svæðisins.

**Bjóðum upp á krossa á leiði**

- Trékrossa
- Zínkhúðaða
- Úr ryðfríu stáli
- Álettrum plötur

**Eigum margar gerðir af krossum**

**ÚTFARARÞJÓNUSTA KIRKJUGARÐA AKUREYRAR**  
Hósti, v/ Þórunnarstræti - 600 Akureyri  
Sími 461 4060 - [www.kirkjugardur.is/utka](http://www.kirkjugardur.is/utka)

**Göngum hreint til verks!**

**Guðjón Ó**  
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN  
[www.gudjono.is](http://www.gudjono.is) - Sími 511 1234

# Ánægja™

## Ánægjan er okkar aðalsmerki

Samkvæmt Íslensku ánægjuvuginni eru ánægðustu viðskiptavinir tryggingafélaga hjá TM, í 14. sinn. Ekkert fyrirtæki á Íslandi hefur jafn oft hlotið þennan heiður. Við þökkum kærlega fyrir okkur.

